Breiðholtsblaðið

Dreift frítt í öll hús í Breiðholtinu

DESEMBER 2017

12. tbl. 24. árg.

Frá kl. 11-16

Hádegistilboð

LÍTIL PIZZA
af matseðli og 0,33 cl gos 1.000 KR.

MIÐSTÆRÐ
af matseðli og 0,33 cl gos 1.500 KR.

DOMINO'S APP WWW.DOMINOS.IS

- bls. 4-5
Viðtal við Nichole Leigh Mosty

Sá skemmtilegi siður hefur orðið til í Hólabrekkuskóla að nemendur skeyta hurðir í tilefni jólanna – búa til sérstakar jólahurðir. Hér má sjá tvær jólahurðir sem hafa verið skreyttar fyrir komandi jól.

Þú ferð lengra með SAGAPRO
Vinsæl vara við tíðum þvaglátum
SAGA PRO
SAGA MEDICA

Þitt hverfi hefur hækkað einna mest síðastliðið ár.
LÁTTU OKKUR SELJA FYRIR ÞIG. Heyrumst 510 7900
LIND FASTEIGNASALA
Hlíðasmári 6 / 201 Kópavogur / www.FASTLIND.is

ÓDÝRARI LYF Í HÓLAGARÐI
Apótekið – einfalt og ódýrt
Opið: Mán-fös: 10.00 -18.00 • Lau: 10.00 -14.00

HÁTÍÐARMATUR Á TILBOÐI

Svína Hamborgarhryggur úr kjötborði	1.798 kr/kg	25% afsl.	1.349 kr/kg
Fjallalamb hangilæri úrbeinað	4.698 kr/kg	25% afsl.	3.524 kr/kg
Fjallalamb hangiframpartur úrbeinaður	3.298 kr/kg	25% afsl.	2.474 kr/kg

Nýtt í kjötborði:
Djúpsteiktar franskar kartöflur

SELJAKJÖR
– KAUPMAÐURINN Á HORNINU –

Breiðholtsblaðið

Útgefandi: Borgarblöð ehf.
Eiðistorgi 13-15 • 172 Seltjarnarnes • Pósthólf 171
Ritstjóri: Þórður Ingimarsson • Sími 551 1519 • 893 5904
Netfang: thordingimars@gmail.com
Auglýsingasími: 511 1188 • 552 1953 • 895 8298
Heimasíða: borgarblod.is
Netfang: borgarblod@simnet.is
Framkvæmda- og auglýsingastjóri: Kristján Jóhannsson
Umbrot: Valur Kristjánsson
Prentun: Landsprent ehf.
Dreifing: Landsprent ehf.
12. tbl. 24. árgangur
Breiðholtsblaðið er dreift frítt í öll hús í Breiðholti

Hugmyndir að framkvæmdum

Ýmsar hugmyndir eru komnar fram um uppbyggingu í Breiðholtinu. Eru þær beint framhald af þeirri þróun að þétta byggð í borginni til að mæta fjölgun íbúa án þess að þurfa að leita nýrra byggingasvæða utan núverandi byggðar þótt þörf kunni að vera á slíku á komandi tímum.

Margar upplýsingar komu fram á fundi borgarstjóra með íbúum Breiðholts fyrir skömmu – upplýsingar um hugmyndir sem þegar er farið að vinna að og aðrar sem góðir möguleikar eru til innan núverandi byggðar.

Athyglisverðar eru upplýsingar um fyrirhugaða endurskipulagningu og endurbyggingu þjónustukjarnanna í Bökkunum og í Efra Breiðholti. Báðir eru þeir börn síns tíma – lágreistar og í raun lélegar byggingar sem hróflað var upp af litlum metnaði og hafa nýst afar illa. Á þeim tíma hafði sú hugsun ekki náð hingað að byggja íbúðarhúsnæði með aðstöðu til þjónustu á jarðhæðum eins og gert hefur verið í gegnum tíðina víða í erlendum borgum.

Einnig er athyglisvert að hugað er að uppbyggingu þjónustukjarnans við Rangársel neðan Seljahlíðar. Af honum er sömu sögu að segja og hinum tveimur. Metnaðarlaus byggingarlist þar sem húsum var hróflað upp án þess að líta til notagildis eða umhverfis. Raunar er Rangárselið blettur á þeirri reisulegu umgjörð sem Seljahlíð, Tjörnin og Seljakirkja móta. Ef til vill boða þessar hugmyndir breytingar til batnaðar.

Á fundinum með borgarstjóra komu margvíslegar upplýsingar fram aðrar en þær er snerta framtíðarmöguleika til uppbyggingar. Upplýsingar sem snúa að þjónustu uppeldis- og æskulýðsstofnana og menningarmála. Vert er að halda öllu til haga sem vel er gert þó í flestum tilvikum megi geta betur – rétt eins og Nichole Leigh Mosty formaður Hverfisráðs Breiðholts lét orð liggja að í viðtali hér í blaðinu.

Gert er ráð fyrir mikilli uppbyggingu í Breiðholti á næstu árum

Ákveðið hefur verið að vinna að enduruppbyggingu á tveimur svæðum í Breiðholti. Það eru svæðin við Arnarbakka 2 til 6 í Neðra Breiðholti og Völvufell 11 til 21 í Efra Breiðholti. Borgarráð hefur þegar samþykkt að hefja viðræður og samningsgerð við eigendur fasteigna á þessum svæðum. Náist samningar er stefnt að því að hefja vinnu við endurskipulagningu þeirra en eignarhald á fasteignum á þessum svæðum er í höndum margra aðila. Á báðum þessum svæðum eru taldir góðir möguleikar til byggina íbúðarhúsnæðis. Þá eru hugmyndir um að efla Rangársel sem hverfiskjarna og styrkja hann með íbúðum og bættu atvinnuhúsnæði. Þetta kom meðal annars fram á fundi borgarstjóra í Gerðubergi í liðinni viku.

Hugmyndir borgaryfirvalda miða að því að áfram verði rekstur og þjónusta á þessum svæðum en með íbúðabyggð megi styrkja rekstrargrundvöll fyrirtækja. Bæði þessi svæði hafa ekki verið nýtt sem skildi og rekstur ekki gengið eins og best verður á kosið. Ýmsar aðrar breytingar eru áformaðar í uppbyggingu í Breiðholti. Áformað er að efla bæði þjónustu og byggð, styrkja byggðakjarna, breyta þegar byggðum húsum meðal annars með viðbyggingum. Göturými verði bætt með gróðri og betri aðstöðu fyrir gangandi og hjólandi.

Þetta þjónustusvæði er við Blöndubakka. Þar er meðal annars verslun Iceland til húsa en 10-11 verslun var þar áður. Nokkur önnur fyrirtæki eru starfandi í kjarnanum en einhver rými eru ekki nýtt. Nokkurt óbyggð svæði er þarna sem talið er geta nýst til íbúðabygginga.

Við Völvufell og Drafnarfell í Efra Breiðholti er þjónustukjarni sem ekki hefur nýst sem skildi. Þarna var Breiðholtsbakarí á sínum tíma. Nú er það reyndar huggulegt kaffihús og Pólskabúðin sem er notaleg matvöruverslun sem selur meðal annars pólskar vörur sem henta vel til austur evrópskrar matargerðar. Við Drafnarfellið er autt verslunarhúsnæði þar sem Fab lab stöðin var síðast til húsa en hún hefur verið flutt í FB. Lengra má sjá nýlega byggt fjölbýlishús en möguleikar eru taldir til uppbyggingar íbúða og þjónustu á þessu svæði.

Íbúðir og athafnasvæði í Mjóddinni

Stefnt er að því að styrkja Mjóddina meðal annars með íbúðum og atvinnuhúsnæði og að unnið verði sérstakt deiliskipulag fyrir það svæði. Áformuð er efling kjarnans við Arnarbakka með endurnýjun húsa og nýjum íbúðum á efri hæð. Við Breiðholtsbraut er gert ráð fyrir litlum byggingum fyrir atvinnustarfsemi og við Stekkjarbakka að byggja eina röð af einnar hæða rað- eða parhúsum og að húsin verði byggð neðan við slakka til að spilla ekki útsýni. Í Suður Mjódd er sett fram stefna um styrkingu byggðar með íbúðum og atvinnuhúsnæði en unnið sérstakt deiliskipulag. Gert er ráð fyrir að byggja megi tveggja hæða fjölbýlishús við Jaðarsel með allt að 30 til 40 íbúðum.

Nýjar íbúðir í Seljahverfi

Í Seljahverfi er áætlað að fjölga meðalstórum íbúðum til að jafna aldursdreifingu í byggðinni og gert er ráð fyrir um 220 nýjum íbúðum. Þetta er hugsað með því að stækka byggingarreiti til að byggðin geti þróast. Heimiluð verði byggingar með lyftum ofan á fjölbýlishús sem eru ekki með lyftum og að einnig verði veittar heimildir til að veittar verði heimildir til þess að reisa allt að 40 fermetra viðbyggingar við sérbýlishús. Þá er gert ráð fyrir að við Stapasel og Holtasel verði byggð einnar til tveggja hæða fjölbýli sem rúmi á bilinu 30 til 50 íbúðir.

Opið alla daga
frá kl. 11 til 23.
Kebab eXpress
Lóuhólar 4, nálægt Dominospizza
Sími: 557 1414
Coca-Cola

T&G Tölvur og gögn ehf. PC & Mac
þekking og reynsla
◇ Office 365 þjónusta
◇ Gagnabjörgun og afritun
◇ Umsjón tölvukerfa
◇ Vefsíðugerð og umsjón
◇ Tölvuviðgerðir
◇ Tölvur og jaðarbúnaður
Þarabakki 3, Mjódd
109 Reykjavík
Sími: 696-3436
www.togg.is

Helgihald í Breiðholti um jól og áramót!

Fella- og Hólakirkja

17. desember
- Þriðji sunnudagur í aðventu.
Jólasöngvar við kertaljós kl. 11.
Jólahelgistund á aðventu, sungin verða ljúf og falleg jólalög. Notaleg stund í kirkjunni. Kór Fella-og Hólakirkju flytur fjölbreytta dagskrá í anda jólanna, einnig einsöngsatriði og frumflutningur tveggja laga, eftir Julian Hewlett og Ragnar Jónsson.

Aðfangadagur jóla
Aftansöngur kl. 18.
Sr. Guðmundur Karl Ágústsson þjónar og prédikar, kór kirkjunnar syngur. Kristín Ragnhildur Sigurðardóttir syngur einsöng og Reynir Þormar leikur á saxófón.

Miðnæturmessa kl. 23:30.
Sr. Jón Ómar Gunnarsson þjónar og prédikar. Gyrðir Viktorsson og Inga Jónína Backman leiða söng.

Jóladagur
Hátíðarguðsþjónusta kl. 14.
Sr. Kristinn Ágúst Friðfinnsson þjónar og prédikar, kór kirkjunnar syngur.

Gamlársdagur
Aftansöngur kl. 18.
Sr. Jón Ómar Gunnarsson þjónar og prédikar, kór kirkjunnar syngur. Arnþrúður Ösp Karlsdóttir syngur einsöng

Nýársdagur 1. janúar 2018
Hátíðarguðsþjónusta kl. 14.
Sr. Guðmundur Karl Ágústsson þjónar og prédikar, kór kirkjunnar syngur.

Organisti við guðsþjónusturnar er Arnhildur Valgarðsdóttir

Breiðholtskirkja

17. desember
- Þriðji sunnudagur í aðventu.
Litlu - jól fjölskyldunnar kl. 11.
Félagar úr kór Breiðholtskirkju leiða jólasöngva. Sungnir verða jólasálmar og tónlist jólahátíðarinnar hljómar á meðan við göngum kringum jólatréð í kirkjunni.
Hver veit nema jólasveinninn komi í heimsókn?

Aðfangadagur jóla
Aftansöngur kl. 18.
Sr. Þórhallur Heimisson þjónar og prédikar, kór Breiðholtskirkju syngur.

Jóladagur
Hátíðarguðsþjónusta kl. 14.
Sr. Þórhallur Heimisson þjónar og prédikar, kór kirkjunnar syngur.

Annar jóladagur
Fjölskylduguðsþjónusta kl. 14.
Sr. Þórhallur Heimisson þjónar og börnin flytja helgileik.
Í guðsþjónustunni gefst tækifæri til skírnar. Vinsamlegast hafið samband við sóknarprest ef óskað er eftir skírn.

Gamlársdagur
Aftansöngur kl. 18.
Sr. Þórhallur Heimisson þjónar og prédikar, kór kirkjunnar syngur.

Organisti við guðsþjónusturnar er Örn Magnússon

Seljakirkja

17. desember
- Þriðji sunnudagur í aðventu.
Barnaguðsþjónusta kl. 11.
Tekið verður á móti söfnunarbaukum Hjálparstarfs kirkjunnar. Jólaball í safnaðarsalnum þar sem dansað verður í kringum jólatréð og rauðklæddir sveinar koma.

Afmælisguðsþjónusta kl. 14 í tilefni af 30 ára vígsluafmæli kirkjunnar.
Biskup Íslands frú Agnes M. Sigurðardóttir prédikar, prestar kirkjunnar þjóna. Kór Seljakirkju og barnakórar syngja. Pétur Úlfarsson fiðluleikari og Árni Daníel Árnason trompetleikari spila.
Veislukaffi að guðsþjónustunni lokinni

Aðfangadagur jóla
Guðsþjónusta í Seljahlíð kl. 11.
Sr. Ólafur Jóhann Borgþórsson prédikar og félagar úr Gerðubergskórnum syngja.

Beðið eftir jólunum kl. 15.
Jólastund fyrir börnin. Barnakór Seljakirkju syngur undir stjórn Rósalindar Gísladóttur Karl Olgeirsson leikur undir, börn úr KFUM & K starfi kirkjunnar sýna helgileik undir stjórn Steinunnar Önnu Baldvinsdóttur allir fá jólapakka með sér heim.

Aftansöngur kl. 18.
Sr. Ólafur Jóhann Borgþórsson prédikar, Schola Cantorum syngur, leikin verður jólatónlist frá kl. 17:30.

Miðnæturguðsþjónusta kl. 23:30.
Sr. Bryndís Malla Elídóttir prédikar. Kór Seljakirkju syngur og Bergþór Pálsson syngur einsöng

Jóladagur
Hátíðarguðsþjónusta kl. 14.
Sr. Ólafur Jóhann Borgþórsson prédikar, kór Seljakirkju syngur og Árni Daníel Árnason leikur á trompet

Guðsþjónusta í Skógarbæ kl. 15:30.
Sr. Ólafur Jóhann Borgþórsson prédikar og kór Seljakirkju syngur.

Gamlársdagur
Aftansöngur kl. 18.
Sr. Bryndís Malla Elídóttir prédikar, kór Seljakirkju syngur og Erla Björg Káradóttir syngur einsöng

Nýársdagur 1. janúar 2018
Messa með altarisgöngu kl. 14.
Sr. Kristinn Ágúst Friðfinnsson prédikar, kór Seljakirkju syngur.

Guðsþjónusta í Skógarbæ kl. 15:30.
Sr. Kristinn Ágúst Friðfinnsson prédikar og félagar úr kór kirkjunnar syngja.

Organisti við guðsþjónusturnar er Tómas Guðni Eggertsson

VIÐTALIÐ

Fann að ég var orðin Breiðhyltingur

- Nichole Leigh Mosty fjallar um leiðina frá Sturgis til Breiðholts og tengsl sín við Breiðholtið

Nichole Leigh Mosty hefur verið áberandi í Breiðhotslífinu undanfarin ár ekki síst sem ötull formaður Hverfisráðs Breiðholts. Hún hefur starfað með stjórnmálaaflinu Bjartri framtíð. Fyrst í kosningum til borgarstjórnar Reykjavíkur 2014 og síðan í kosningum til Alþingis árið 2016. Nichole sat á þingi fyrir Bjarta framtíð þar til á liðnu haust. Í borgarmálum var hún varamaður í skóla- og frístundaráði og á Alþingi gegndi hún starfi formanns velferðarnefndar, varaformaður í allsherjar- og menntamálanefnd auk þess að vera fjórði forseti Alþingis. Nichole er fædd í Bandaríkjunum en flutti hingað til lands 1999. Hún lauk námi í leikskólakennarafræðum við KHÍ árið 2013 hlaut hún M.Ed. gráðu í náms- og kennslufræði með kjörsviðið mál og læsi frá Háskóla Íslands. Nichole var leikskólastjóri við leikskólann Ösp í Fellahverfinu í Breiðholti á árunum 2011 til 2016. Margir þekkja til starfa hennar bæði á leikskólasviðinu, vegna starfa að málefnum Breiðholts og síðan setu á Alþingi. En hver er Nichole Leigh Mosty. Hún spjallaði við Breiðholtsblaðið í matsal félagsstarfsins í Árskógum á dögunum. Á eilítið öðrum nótum en venjulega.

"Ég er fædd í Michigan í Bandaríkjunum fyrir 45 árum. Í Sturgis sem er um 20 þúsund manna bær álíka stór og Breiðholtið en er sjálfstætt bæjarfélag. Ég átti tvo bræður. Annar var á líkum aldri og ég hinn nokkru yngri. Við vorum svona dæmigerð fjölskylda mjög venjulegt fólk að ég held. Faðir minn Ronald Steven Hotovy var verkfræðingur sem starfaði í bílaiðnaðinum en móðir mín Vickie Jean McKenzie var heimavinnandi húsmóðir eins og algengt var á þessum árum. Hún fór ekki á vinnumarkað fyrr en að yngsta systkini mitt var komið á legg. Æska mín var svona lituð af ameríska draumnum um að koma sér áfram en einnig af erfiðleikum. Faðir minn missti vinnuna þegar ég var ung og vann mjög mikið til að ná endanum saman svona eins og margir gera á Íslandi því við erum ekki svo ólík að þessu leyti. Þegar ég lít til baka þá finnst mér að þrátt fyrir þetta hafi ríkt hamingja í kringum okkur. Fólk komst almennt nokkuð vel af í þessu samfélagi og ég var svo heppin að komast til mennta. Ég tók lokapróf frá Sturgis High School í Michigan Bandaríkjunum 1990 og Diploma Culinary Arts frá Cambridge School of Culinary Arts Cambridge Massachusetts. Það voru ekki miklar umræður um fátækt í kringum okkur og ýmislegt í boði fyrir börn og ungmenni í ekki stærra bæjarfélagi. Við áttum kost á að stunda tónlistarnám og íþróttir sem voru tengdar skólastarfinu. Ég hoppaði nokkuð á milli greina en fann mig loksins í frjálsum íþróttum sem ég stundaði um tíma. Ótrúleg en satt ég á enn þá met í heimabæ fyrir 400 metra hlaup. Ég er lík alin upp við mikið útilíf. Umhverfið í Michigan er paradís bæði sumar og vetur og góð skíðabrekka er þar sem við vorum oft á skíðum. Ég var líka strax félagslynd sem krakki og hef alltaf litið á lífið sem tækifæri til þess að læra eitthvað nýtt. Það sem einkenndi mig sem barn og ungling var hversu mikill lestrarhestur ég var. Það voru alltaf bækur og blöð í kringum okkur. Það þurftu engin lestrarátök á þessum tíma enda var þetta fyrir daga snjalltækninnar. Þetta var um margt gott samfélag."

Tvennskonar jól

Nú líður að jólum. Eru amerísku jólin öðruvísi. "Fyrir vestan byrjar þetta með Thanksgiving eða Þakkargjörðarhátíðinni eins og hún kallast á íslensku. Bandaríski þakkargjörðardagurinn á sér sterkar rætur í bandarískri menningu. Hann er haldinn hátíðlegur fjórða fimmtudag í nóvember og er einn af fáum hátíðisdögum sem alfarið er upprunninn í Bandaríkjunum sjálfum. Þakkargjörðardagurinn hefur mikið vægi vestra og ekki er farið að huga að jólum fyrr en eftir hann. Þetta er aðeins öðruvísi hér því þessi hátíðisdagur sem á sér trúarlegar forsendur í þakkargjörð hefur ekki fest rætur hér á landi. En við héldum jól og þegar ég var barn þá bökuðum við smákökur ekki með pipar eins og hér er þekkt heldur nokkurskonar smjörkökur. Sjálf jólin komu svo að morgni 25. desember. Jólasveinninn eða Santa Claus eins og hann heitir því í Bandarikjunum er bara einn jólasveinn en ekki 13 eins og hér kemur um nóttina og fyllir allt af pökkum í kringum jólatréð. Ég varð snemma meðvituð um að hann væri ekki til í alvörunni en neitaði að viðurkenna það vegna þess hvað það var heillandi að vakna á jóladagsmorgun með alla pakkana undir trénu. Það var eitthvað svo töfrandi við þetta."

Aðfangadagur með öðrum hætti

En aðfangadagurinn var hann með öðrum hætti. "Já - hann var með nokkuð öðrum hætti en hér. Þá fór fólk á milli húsa, heilsaði upp á hvert annað. Drakk jólaglögg og gladdist hvort með öðru. Eftir kirkjuferð á jóladag fórum við heim til móðurömmu okkar. Þar kom hennar fjölskylda saman og við borðuðum jólaskinku. Morguninn eftir fór fólk svo til starfa sinna. Kominn venjulegur virkur dagur. Við fengum þó nokkurra daga frí í skólanum og hófum skólagönguna ekki fyrr eftir áramótin. Ég reyni að gera sumt af þessu með mínum börnum og það er ein hefð sem mamma skapaði með okkur. Við keyrðum út og gáfum smákökur til vina og vandafólks. Við vorum ekki efnum

Nichole Leigh Mosty í ræðustól Alþingis en hún sat á þingi fyrir Bjarta framtíð.

búin til þess að kaupa mikið af gjöfum. Ekki handa öllum en þetta var hennar leið til þess að gleðja fólk. Þetta er skemmtileg hefð og hugsunin er að gleðja aðra. Þetta snýst fremur um mannlegan gjörning en að afhenda pakka með miklum verðmætum. Núna ætla ég að teygja mig aftur að æskunni og halda hefðinni með jólamorgunmat og pakka. Jólasveinninn veit hvar við búum og hann kemur frá Ameríku með pakkana. Sonur minn sem er níu ára er búinn að uppgötva hvað tekur langan tíma að fara í flugvél til Ameríku og er að reyna að reikna út hvað það muni taka jólasveininn langan tíma að fara þessa leið á sleðanum sínum."

Ekki lengur ferðamaður heldur innflytjandi

En hvernig bar til að Nichole fluttist til Íslands. "Ég kom hingað í desember 1999 og við ákváðum endanlega að setjast hér að fjórum árum síðar. Ég var 24 ára þegar ég flutti til Boston og þar kynntist ég eiginmanni mínum Garðari Kenneth Mosty Gunnarssyni. Hann var á námssamningi vestra eða verksamningi en hann er bakarmenntaður. Þegar að því kom að hann vildi fara heim til þess að ljúka náminu þar ákvað ég að fara með honum. Ég hafði einu sinni komið til Íslands og litist vel á mig. En þegar við vorum flutt og farin að búa hér þá horfði þetta allt öðruvísi við mér. Þetta var ef til vill ekki eins fallegt og skemmtilegt og ég hafi heillast af í stuttri heimsókn. Ég var ekki lengur ferðamaður heldur innflytjandi. Ég kunni ekki tungumálið. Þess vegna voru flestar leiðir lokaðar. Ég ætlaði mér alls ekki að vera lengi og um tíma vorum við að hugsa um að flytja til Bretlands. Úr því varð þó ekki."

Fann að ég var orðin Breiðhyltingur

"Ég áttaði mig fljótt á því að ef ég ætlaði að búa hér til frambúðar yrði ég að læra málið. Íslenskan er erfið þeim sem eiga enska tungu að móðurmáli en ég hef alltaf átt fremur auðvelt með að læra tungumál. Ég lærði til dæmis þýsku á sínum tíma og það kann að hafa hjálpað mér með íslenskuna. Ég fann að fólk brosti ekki mikið við mér og fári voru tilbúnir að tala við mig á ensku. Í fyrstu var ég nokkuð upptekin af því að ferðast og kynnast menningu annarra en sú þörf hvarf eiginlega þegar við eignuðumst börnin þau Tómas Jamie og Leah Karin. Ég komst að því að hér eru tækifæri og hægt að njóta þess að ala börin upp án þess að þurfa að vinna brjálæðislega mikið. Og það var raunar ekki bara Ísland sem hélt í mig. Það var Breiðholtið fyrst og fremst. Ég fann að ég var orðin Breiðhyltingur."

Tungumálið lærðist í leikskólanum

En hvernig kom tungumálið. "Þegar ég fór að vinna í leikskóla þá kom tungumálið. Ég fór að tala við börnin og þau leiðréttu mig. Ég skammaðist mín ekki en naut þess að láta þau leiðbeina mér. Ég fór að finna hvað þetta var skemmtilegt. Að vinna með börnum og líka hvaða leiðir opnuðust þegar ég fór að geta talað og skrifað á íslensku. Þá fann ég bæði samúð og stuðning. Ég er líka dálítill frumkvöðull í mér og langaði að prufa mig áfram. Í leikskólanum fékk ég tækifæri til þess að vinna með bæði börnum og fjölskyldum. Ég fann hvað ég efldist mikið og þroskaðist í leikskólastarfinu. Ég á erfitt með að skilja af hverju fólk sækir ekki meira í þetta starf. Það er einfalt að segja að það séu bara launin þótt þau þyrftu auðvitað að vera hærri. Ég hlakkaði til þess á morgnana að fara í vinnuna. Það er ýmislegt gefandi við þetta starf sem maður finnur ekki til dæmis í bókhaldsstörfum. Þetta kveikti eld innra með mér. Við erum að mennta og efla fólk til félagsþroska og lýðræðis."

Fékk tækifæri í Grikklandi

Á liðnu sumri gafst Nichole tækifæri að vinna með sérfræðiþekkingu sem kennari og læra betur um raunverulega stöðu fylgdarlausra barna og fjölskyldna með börn sem eru skilgreint sem flóttamenn og hælisleitendur. „Ég vildi stíga út fyrir landsteinana og í starfi sem þingmaður fannst mér ekki góður bragur á því að vinna með þeim sem voru að sækja um alþjóðleg vernd hér og svo stíga svo aftur inn á þing og reyna að horfa hlutlaust á þær stofnanir og einstaklinga sem eru að kljást með mjög erfiðar aðstæður. Ég fór sem sjálfboðaliði til SOS

Garðar, Leah Karin, Tómas Jamie og Nichole. Myndin var tekin í Michigan hjá Covered Bridge Park. Elstu yfirbyggðu brú í Michigan. Sumarið þar er eins og í paradís.

Nichole eldsnemma á jólamorgni. Þetta var töfrandi augnablik í lífinu þegar ég vaknaði og sá hvað Santa Clause skildi eftir handa okkar fjölskyldu.

Barnaþorpsins á Grikklandi. Ég vildi læra um málaflokkinn og hvað menn voru að gera þar sem vandinn er mestur samhliða því að vera nafnlaus og hlutlaus kennari í sjálfboðastarfi. Í einlægni fann ég þörf til að gefa til baka. Ég er mjög lánsöm að eiga öruggt líf, heilbrigð börn og að hafa fengið svo mörg tækifæri í lífinu sem ég er þakklát fyrir. Dvölin kenndi mér mikið sem ég mun alltaf búa að. Ég er enn að vinna með nokkra einstaklinga sem eru að berjast fyrir því að þeir nái reisn og eignist framtíð."

Úr leikskólanum í stjórnmálin

Nichole hefur tekið þátt í stjórnmálum. Hvernig bar það að. "Þetta þróaðist út frá leikskólanum. Leiðin að stjórnmálunum lá frá því að þjóna fólki. Ég fór að hafa afskipti af hverfismálum í Breiðholti. Í skólanum vorum við að reka hverfisstofnun. Við vorum að hugsa um fólkið. Börnin og fjölskyldurnar sem standa þeim að baki. Allar þessar félagslegu hættur. Í stofnunum hverfisins eru endalausir möguleikar til þess að gera betur. Ég fór að hugleiða hvað við gætum gert. Þetta heillaði mig. Þetta leiddi mig á vit borgarmálanna og síðar landsmálanna og lauk með setu á Alþingi sem raunar var skemmri en upphaflega stóð til. Núna þegar ég er stíginn út úr þinginu ætla ég að snúa mér af fullum þunga að hverfisráðinu hér í Breiðholtinu. Það var það eina sem ég sleppti ekki hendi af þegar ég settist á þing. Ég hélt öllum samskiptum mínum bæði við hverfisstjórann og þjónustumiðstöðina. Ég var raunar að hugsa um þrennt börnin mín og fjölskylduna, hverfisráðið og Bjarta framtíð sem boðaði stefnu sem ég aðhyllist. Alþjóðasinnaður frjálslyndur miðjuflokkur. En stjórnarsamstarfið fór illa með okkur. Þetta gekk ekki upp. Nei – ég er ekki hætt í pólitík. Í þinginu voru það nefndarstörfin sem heilluðu mig. Þar fer fram hin málefnaleg umræða. Ég var ekki komin á þá braut að leggja fram frumvörp en var með ýmislegt í huga og undirbúningi í þeim efnum. Það býður bara þar til og ef ég fer aftur inn á þessa braut. Það eru borgarstjórnarkosningar að vori. Nærþjónustan heillar mig en ég hef ekki tekið ákvörðun um hvort ég muni gefa kost á mér á framboðslista. Það verður bara að koma í ljós."

When I get older, I will be stronger – Ég verð öflugri með árunum

Á heimasíðu leikskólans Aspar er að finna stutta hugleiðingu sem er tekin úr texta við lagið "Wavin Flag eftir K'NAAN. Nichole segir að textinn við þetta lag hafi verið saminn fyrir HM í fótbolta. Henni finnst textinn einkenna þann anda sem ríkir á Ösp og fjölmenningusamfélag sem Breiðholtið er. Við hæfi er að birta hann á móðurmáli hennar. "Give you freedom, give you fire, unify us, make us feel proud, in the streets our eads our liftin' as we loose our inhibitions. Celbration, it surrounds us Staying forever young. When I get older, I will be stronger, they'll call me freedom. Just wave your flag." When I get older, I will be stronger sem gæti útlagst ég verð öflugri með árunum er mottó fyrir Breiðhyltinginn Nochole Ligh Mosty.

MÖNTRU ARMBÖND & -HÁLSMEN

Systrasamlagið
ÓÐINSGÖTU 1, REYKJAVÍK
Heimasíða: www.systrasamlagid.is
www.facebook.com/Systrasamlagid
Sími: 511 6367

Mjódd

Komdu í þægilegt og gott umhverfi
Við tökum vel á móti þér

Handverksmarkaður, jólaland fyrir krakkana, persónuleg og góð þjónusta

Margt í gangi í félagsmiðstöðvunum

Margt hefur verið í gangi í félagsmiðstöðvunum í Breiðholti síðastliðnu vikur og skemmtilegir viðburðir framundan. Gestum og gangandi var boðið að koma í heimsókn í allar félagsmiðstöðvarnar á Félagsmiðstöðvadaginn 1. nóvember síðastliðinn. Góð mæting var í allar félagsmiðstöðvarnar og gaman hvað margir sýndu félagsmiðstöðvastarfinu mikinn áhuga. Gaman er að segja frá því að Hólmasel hélt þennan sama dag uppá 25 ára afmæli við góðar undirtektir.

Allir skólarnir í Breiðholti tóku þátt í Skrekk í nóvember og stóðu sig mjög vel. Breiðholtsskóli var þó eini skólinn sem komst í úrslit að þessu sinni sem vakti mikla lukku meðal nemenda, starfsmanna skólans og félagsmiðstöðvarinnar.

Þann 17. nóvember var svo rappkeppnin Rímnaflæði haldin í samstarfi við Samfés, samtökum félagsmiðstöðva og ungmennahúsa á Íslandi og RÚV. Keppnin var haldin í gamla Fellahelli í Fellaskóla. Þátttaka var mjög góð og áhorfendur ekki verið svona margir í nokkur ár enda uppselt á viðburðinn. Sveitt og skemmtileg stemmning var í salnum. Keppnin var í fyrsta skipti sýnd í beinni útsendingu á RÚV2 sem er frábær viðbót við flottan viðburð.

Jólastemning í desember

Núna í desember mun dagskráin í félagsmiðstöðvunum einkennast af jólastemningu. Haldin verða jólahlaðborð, jólabingó, jólaföndur, jólaskreytingar, jólabíó og margt fleira skemmtilegt. Þar að auki verður haldin Söngkeppni Breiðholts í desember sem er undankeppni fyrir Söngkeppni Samfés. Mörg atriði eru nú þegar skráð í keppnina og gera má ráð fyrir að miklir sönghæfileikar búi í ungmennum Breiðholts.

Að lokum óska starfsfólk félagsmiðstöðvanna öllum Gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.

Ferlinefnd fundaði í Hólabrekkuskóla

Stórbætt aðgengi fyrir fatlaða

Miklar framkvæmdir hafa verið í Hólabrekkuskóla til að bæta aðgengi og aðstöðu þar fyrir fatlað fólk. Sett hefur verið upp sjálfvirk rafmagnsopnun á hurð við aðalinngang skólans, ný lyfta verið tekin í notkun, skábraut var sett upp í matsal auk þess sem aðgengilegt salerni og sturtuaðstaða var sett upp í einni álmu skólans.

Ferlinefnd fatlaðs fólks í Reykjavík fundaði í Hólabrekkuskóla fyrir skömmu til að fagna stórbættu aðgengi fatlaðra og skoða aðstæður. Ferlinefndin er skipuð sjö fulltrúum en Öryrkjabandalag Íslands tilnefnir þrjá í nefndina, Þroskahjálp einn og Félag eldri borgara í Reykjavík einn. Tveir fulltrúar eru kjörnir af borgarstjórn. Nefndarfulltrúar gengu um skólann og skoðuðu framkvæmdir og bentu á möguleika til að bæta aðgengi enn betur.

Ferlinefnd á ferð um Hólabrekkuskóla.

Virkilega gaman að sjá hvernig til hefur tekist

Ferlinefndin leggur til fjármagn vegna framkvæmdanna en hlutverk hennar er að fjalla um aðgengismál í húsnæði á vegum borgarinnar sem og borgarlandi og leggur til lausnir í aðgengismálum. Magnús Már Guðmundsson borgarfulltrúi og formaður ferlinefndar segir virkilega gaman að sjá hvernig til hefur tekist í Hólabrekkuskóla og sem hvetur okkur til að gera betur á fleiri stöðum innan borgarinnar. Á árum áður hafi oft verið lítið eða ekkert tillit tekið til ólíkra aðgengisþarfa borgarbúa. Fyrir vikið sé nokkuð um það að húsnæði í eigu borgarinnar er óaðgengilegt ýmsum hópum. Sem betur hafi mikið breyst á síðustu árum og hugarfarið er annað.

Ábendingar ÖBÍ og Þroskahjálpar hjálplegar

Hólmfríður G. Guðjónsdóttir, skólastjóri Hólabrekkuskóla segir það hafa verið mjög lærdómsríkt að fá ferlinefndina til að taka út framkvæmdirnar og benda á ýmislegt annað sem bæta myndi aðgengi innan skólans og á skólalóðinni. Margt megi gera með einföldum lausnum. Ábendingar frá fulltrúum Öryrkjabandalagsins og Þroskahjálpar séu reglulega hjálplegar og verði sannarlega hafðar í huga til að gera skólann betri og aðgengilegri.

ÁÞENA
HÁRSNYRTISTOFA
Þangbakka 10 (MJÓDD) • Sími: 557-2053

FB

Kvöldskóli FB

Vorönn 2018

Húsasmiðabraut,

Sjúkraliðabraut,

Rafvirkjabraut,

Fab-Lab áfangar

Ýmsir áfangar til stúdentsprófs.

Skráning í fullum gangi á www.fb.is

Kennsla hefst 9. janúar 2018.

Allar nánari upplýsingar á www.fb.is og kvold@fb.is

HRINGBRAUT 121, 101 REYKJAVÍK - WWW.MIR.IS - S.551-1990

NÁMSKEIÐ VOR 2018

MYNDLISTASKÓLINN

JL HÚSIÐ, MIÐBERG Í BREIÐHOLTI, KORPÚLFSSTAÐIR

Í REYKJAVÍK

SKATA

ÞÚ FÆRÐ SKÖTUNA, SALTFISKINN, HUMARINN, RÆKJURNAR OG LAXINN HJÁ OKKUR

FISKBÚÐ HÓLMGEIRS

MJÓDD

Opnunartími:
Alla virka daga kl. 9 - 18:30

Dagur í Breiðholti

- ýmsar fróðlegar og nytsamar upplýsingar komu fram á fundi borgarstjóra með íbúum Breiðholts

Dagur B. Eggertsson borgarstjóri heimsótti Breiðholtið fyrir skömmu. Hann hóf yfirreið sína í Fjölbrautaskólanum í Breiðholti þar sem hann hitti nemendur og starfsfólk og kynnti sér ýmsar nýjungar í skólastarfinu, eins og vinnu nemenda í Fab-Labinu og Framtíðarskólastofunni sem nemendur innréttuðu sjálfir. Þá snæddi hann hádegisverð með nemendaráðinu og skoðaði skólann. Borgarstjóri fór næst í Hólabrekkuskóla þar sem hann fundaði með skólastjórum fimm grunnskóla í hverfinu. Síðdegis fór hann á framkvæmdasvæði Félags eldri borgara, FEB, við Árskóga en þar er verið að byggja 68 íbúðir fyrir aldraða. Að lokum lá leiðin í félagsstarfið í Árskógum þar sem hann fékk sér kaffisopa með eldri borgurum.

Borgarstjóri snæddi hádegisverð með nemendaráðinu í FB.

Borgarstjóri ásamt fulltrúum frá Félagi eldri borgara og verktökum að fylgjast með byggingu íbúða fyrir eldri borgara við Árskóga.

Hverfisheimsókninni lauk með íbúafundi í Gerðubergi. Á fundinum fór borgarstjóri yfir ýmsar staðreyndir varðandi hverfið og lýsti því sem gert hefur verið í framkvæmdum á ýmsum sviðum. Þá fór hann yfir hverfisskipulag Breiðholts, væntanlega tengingu Borgarlínunnar, íþróttamannvirki og uppbyggingu þeirra í Suður Mjódd, svo og möguleika á þéttingu byggðar víða í hverfinu. Að loknu erindi borgarstjóra hélt Þórdís Lilja Gísladóttir erindi um heilsueflingu í Breiðholti en það verkefni hefur tekist afar vel og hefur fólk í öðrum hverfum borgarinnar lýst yfir áhuga á að hefja svipaða heilsueflingu. Eftir að formlegri dagskrá lauk, svaraði borgarstjóri spurningum úr sal. Nicole Leigh Mosty formaður hverfisráðs Breiðholts var fundarstjóri.

Alls 21.842 íbúar í um 7760 íbúðum

Margt kom fram um Breiðholtið í erindi og upplýsingum borgarstjóra sem fólk hefur ef til vill ekki gert sér grein fyrir. Nú búa 21.842 manns í Breiðholti í 7760 íbúðum. Breiðholtið stendur á 5,8 ferkílómetrum lands en byggt land er um 3,4 ferkílómetrar. Alls eru 57 opin leik-svæði í Breiðholti samtals 61.520 fermetrar að stærð. Samtals eru um 110 kílómetrar af göngu- og hjólastígum með bundnu slitlagi auk gangstétta og í Breiðholtinu má finna 152 setubekki og 230 ruslastampa. Ellefu leikskólar eru starfræktir í Breiðholti með um 950 börnum og þar af eru 350 af erlendum uppruna. Framsækið og fjölmenningarlegt skóla- og frístundastarf á sér stað í hverfinu. Einnig þverfaglegt samstarf á milli skóla og með frístundamiðstöð og þjónustumiðstöð um mörg verkefni. Þá hafa áhugaverð Áhugaverð þróunarverkefni sem snúa að börnum og ungmennum hafa verið unnin og má þar nefna Okkar mál, Læsi allra mál, Brúarsmiður í Fellaskóla og fl.

Um 110 manns starfa í félagsmiðstöðvum

Fjórar félagsmiðstöðvar og sex frístundaheimili eru í Breiðholti þar sem um 110 manns eru að störfum. Ýmsir viðburðir einkenna störf þessara stofnana auk þess sem rödd ungmenna fær áheyrn í Breiðholti og fjallað er um málefni sem brenna á þeim. Ungmenni hafa áheyrnarfulltrúa í hverfisráði og tvo fulltrúa í Reykjavíkurráði ungmenna. Margar tillögur ungmenna hafa komið til framkvæmda og má þar m.a. nefna að virkja jafnaldra í móttöku barna af erlendum uppruna og fjármálafræðslu í unglingadeildunum.

Í Breiðholti eru 12 grenndarstöðvar af 57 slíkum stöðvum í Reykjavík og 85 á höfuðborgarsvæðinu öllu. Í dag eru gámar fyrir glersöfnun á þremur stöðum, Vesturbergi, Maríubakka og Skógarseli og stefnt að því að glergámar verði komnir á allar grenndarstöðvar árið 2020. Flestir íbúar Breiðholts hafa aðgengi að grenndarstöðvum í 500 metra fjarlægð frá heimili sínu eða minna. Í Jafnaseli í Breiðholti er endurvinnslustöð sem tekur við sorpi til endurvinnslu alla daga vikunnar.

Yfir 150 þúsund komu í Gerðuberg

Alls heimsóttu 154.187 manns Menningarhús Borgarbókasafnsins Gerðuberg á árinu 2016. Fjöldi útlána úr bókasafninu var 108.413. Um 30 viðburðir fyrir börn og fjölskyldur voru í húsinu og 17 sýningar voru haldnar. Um 3000 skólabörn komu í skipulögðum heimsóknum í húsið.

Óskar Dýrmundur Ólafsson hverfisstjóri Breiðholts og Dr. Salmender Talwar frá Tuff, sem er verkefni sem miðar að því að virkja börn af ólíkum uppruna í félags- og íþróttastarf og byggja upp sjálfsmynd þeirra.

Ein af nýjungum í bókasafninu í Gerðubergi er vettvangur fyrir börn til að fikta og skapa með það fyrir augum að styrkja tæknilæsi. Verkefnið er enn í þróun og verður von bráðar einnig vettvangur fyrir fullorðið fólk. Mjög góð aðstaða í bókasafninu þar sem boðið er upp á opna tíma eftir skóla, klúbba og ýmis konar fjölskyldusmiðjur um helgar, t.d. að kynnast einfaldri forritun, Sonic Pi, Minecraft, LittleBits, Lego Story Starter o.fl. Ekki verður skilið við Gerðuberg án þess að geta um félagsstarfið – sem bæði er fyrir heldri borgara og yngri en mikið sótt af fólki sem komið er að eða á eftirlaunanaldur. Ýmsar fróðlegar og nytsamar upplýsingar komu fram á fundi borgarstjóra með íbúum Breiðholts.

Breiðholtsbúar: Ökuskólinn í hverfinu ykkar.
Auk hefðbundins réttindanáms bíður Ökuskóinn í Mjódd upp á eftirfarandi fjölda námskeiða m.a.

- Ætlar þú að fara með ökunema í æfingaakstur?
  Við bjóðum upp á sérstakt leiðbeinendanámskeið vegna æfingaaksturs á tveggja vikna fresti.
- Þarf þú að bæta þekkingu þína á nýjungum í umferðinni?
  Bjóðum upp á bæði fræðilega og verklega þjálfun.
- Vilt þú læra meira um bílinn þinn?
  Námskeið í bíltækni getur hjálpað.
- Vilt þú komast á skyndihjálpar námskeið fyrir bifreiðarstjóra?
- Vilt þú bæta þekkingu þína í umferðafræði?
- Ökuskólinn í Mjódd bíður upp á fjölda gagnlegra námskeiða um umferðamál.
- **Fagmennska í fararbroddi.**

ÖKU SKÓLINN Í MJÓDD

mwww.bilprof.is

Upplýsingar og innritun í síma 567 0300. Opið 10–17 alla daga.

Notaleg jólastemning í Garðheimum

20%
af Nordmannsþin, Sýprusum og inniljósaseríum

NORDMANNSÞINUR
TILBOÐSVERÐ
70-100CM 2.600KR
101-150CM 3.800KR
151-200CM 5.160KR
201-250CM 7.960KR

Úrval fallegra jólagjafa

*Tilboðin gilda til mánudagsins 11. desember 2017

HEITT KAFFI OG KAKÓ Í JÓLATRJÁA-SKÓGINUM

GARÐHEIMAR

Stekkjarbakka 6 • 540 3300 • gardheimar.is

Öflugt hverfarölt í Breiðholti sameinar íbúa

- vilja að sem flestir sláist í hópinn

Hverfarölti, þar sem foreldrar grunnskólabarna taka sig saman um að hafa eftirlit með byggðarlaginu, er nú haldið úti í Breiðholti þriðja árið í röð. Röltið byggist á samvinnu allra grunn-skóla og félagsmiðstöðva í Breiðholti. Ætlunin er að reyna virkja sem flesta í röltið og fá almenna sýn á það hvað hægt er að gera til að efla öryggis- og eftirlitsvitund í garð náungans, barna okkar og unglinga, og umhverfisins almennt. Kristín Steinunn Birgisdóttir fyrir hönd foreldra barna í Ölduselsskóla, Ragnheiður Davíðsdóttir frá Seljaskóla, Sveinn Hjörtur Guðfinnsson fyrir hönd Hólabrekkuskóla og Valdís Vera Einarsdóttir frá Breiðholtsskóla spjölluðu við Breiðholtsblaðið á dögunum.

Þau segja að markmiðið með hverfaröltinu sé að vera sýnileg, fylgjast með því að lögbundinn útivistartími barna og unglinga sé virtur og koma í veg fyrir hópamyndun unglinga eftir að lögbundnum útivistartíma er lokið. Foreldraröltinu er einnig ætlað að draga úr áfengis- og fíkniefnaneyslu unglinga með því að efla og styrkja foreldra í uppeldishlutverki sínu. Á röltinu er kannað hvað fer fram í hverfunum á kvöldin og reynt að ná sambandi við þá unglinga sem eru úti við og ræða við þá. Áhersla er lögð á að vera í nágrenni við félagsmiðstöðvarnar. Þau segja nauðsynlegt að vera til staðar og jafnframt er mikilvægt að koma á tengslum milli foreldra í hverfinu. Áhersla er lögð á að hverfaröltinu sé ekki ætlað að koma í stað lögreglu. Röltið hefur ákveðið forvarnargildi og haft er að leiðarljósi að efla öryggistilfinningu hjá börnum og unglingum með því að vera sýnileg í hverfunum.

Samstarf foreldra er lykilatriði

Þau hvetja foreldra til þess að fylgjast með og taka þátt í mikilvægu samfélagslegu verkefni sem stuðlar að vinsamlegu samfélagi. Þátttaka í hverfarölti sé tilvalið hópefli fyrir foreldra og íbúa hverfanna. Með því takast betri kynni með foreldrum sem á endanum eflir foreldrasamstarf og skilar sér í enn betri samfélagsbrag. Foreldrar barna í yngstu árgöngunum vinna einnig að forvörnum og hjálpa til við eftirlit með unglingunum með sinni þátttöku. Það dreifir líka álaginu á alla árganga og þessir foreldrar njóta einnig sömu aðstoðar síðar meir þegar þeirra börn eru komin á unglingastig. Það hefur skapast mikil samvinna milli foreldrafélaganna í Breiðholti síðustu ár og mikil samstaða er um að vinna enn öflugra starf í framtíðinni. Stjórnir foreldrafélaganna ásamt skólastjórnendum hafa hist reglulega yfir skólaárið og stillt saman strengi sína um ýmis mál enda liggur styrkur foreldra í að vera upplýst, virk og samstiga. Auk þess að funda eru foreldrafélögin með sameiginlega Facebook-síðu þar sem öflugt samtal og samstarf fer fram þess á milli.

Hvatningarverðlaun Heimilis og skóla

Kristín Steinunn Birgisdóttir segir að upphafið að samstarfi foreldrafélaganna megi rekja til samnýtingar bingóspjalda fyrir páskabingó fyrir nokkrum árum en síðan hafa ýmis verkefni bæst við, bæði stór og smá. Öskudag skipuleggja stjórnirnar í sameiningu að krakkar og fjölskyldur í Breiðholti gangi í hús og syngi og fá nammi fyrir og það er kynnt með skipulögðum hætti á Facebook-síðum foreldra, með tölvupósti og í Breiðholtsblaðinu. Félögin hafa einnig sent frá sér sameiginlegar ályktanir síðastliðin misseri, svo sem áskorun um að breyta reglum um kynningar íþróttafélaga og gjafa, þá helst með reiðhjólahjálmana í huga og ályktun um sparnað í skólakerfinu. Félögin létu til sín taka þegar samningar við grunnskólakennara drógust á langinn auk þess sem send var áskorun til borgaryfirvalda um að gjaldfrjáls námsgögn fyrir börn í grunnskólum Reykjavíkur. Sú áskorun var ítrekuð á dögunum. „Eitt af okkar verkefnum er einnig að halda sameiginlega fræðslufyrirlestra sem hafa fengið góðar undirtektir foreldra. Það er gaman að segja frá því að foreldrafélögin fimm hlutu Hvatningarverðlaun Heimilis og skóla nú í ár fyrir mikilvægt samstarf sem hefur forvarnargildi og jákvæð áhrif á nærsamfélag með hagsmuni foreldra, nemenda, skóla og samfélags að leiðarljósi.“ Þau rifja upp gamla máltækið að heilt þorp þurfi til þess að ala upp barn. Það eigi svolítið við í þessu tilviki þar sem foreldrar komi saman til þess að gæta barna og ungmenna. Hverfaröltið hafi reynst vel hér áður og var ákveðið að hafa samstillt átak allra grunnskóla í Breiðholti til að endurvekja foreldraröltið og efla með því hverfisgæslu í leiðinni.

Foreldrafélögin fimm hlutu Hvatningarverðlaun Heimilis og skóla nú í ár fyrir mikilvægt samstarf.

Hópur foreldra barna í Breiðholtsskóla tilbúin í röltið.

Gerðu góðverk í dag
907 2002
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

Breiðholtsblaðið
Óskum Breiðholtsbúum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.

LANDMARK SMÁRINN
„Ég er löggiltur fasteignasali og hef starfað við sölu fasteigna samfleytt frá árinu 1997“
ANDRI SIGURÐSSON
Löggiltur fasteignasali
s 690 3111

Foreldrakaffi á frístundaheimilunum

Í síðustu viku nóvembermánaðar buðu frístundaheimilin í Breiðholti foreldrum og forráðamönnum barnanna í heimsókn. Boðið var upp á léttar veitingar í anda jólanna, svo sem heitt kakó og smákökur, og foreldrum gafst tækifæri til að setjast niður með börnum sínum og föndra eitthvað jólalegt.

Þessi viðburður hefur fest sig í sessi sem nokkurs konar upphaf jólaundirbúningsins á frístundaheimilunum. Þátttaka foreldra er jafnan mjög góð og var engin undantekning á því nú. Það er mikilvægt að taka sér annað slagið örlítið hlé frá amstri dagsins og eiga saman notalega stund í skammdeginu.

Og svo er stigið á svið.

Jólaföndur með börnunum er einn liður í foreldrakaffi frístundaheimilanna.

ÁHRIFARÍKA VÖRULÍNAN
FRÁ BIO MIRACLE
ER Á FRÁBÆRU VERÐI
OG TILVALIN Í JÓLAPAKKANN

25% afslátt af öllum
Now vítamínum
í desember

NOW
Gæði • Hreinleiki • Virkni

„Lyfjaval leggur metnað í að bjóða viðskiptavinum sínum lyf á lágmarksverði, þar sem fagmennska, heiðarleiki og nærgætni við viðskiptavini er í fyrirrúmi.“

Lyfjaval APÓTEK

Lyfjaval Mjódd, Álfabakka 14, Sími: 577 1166, www.lyfjaval.is

Opnunartími: Virka daga 09:00-18:30 og laugardaga 12:00-16:00

FLOTHETTAN
Frábær hönnun og fáanleg
í fjórum litum /munstrum:
Verð:16.400 kr.
Líka í netsölu á www.systrasamlagid.is

Systrasamlagið
ÓÐINSGÖTU 1, REYKJAVÍK
Heimasíða: www.systrasamlagid.is
www.facebook.com/Systrasamlagid
Sími: 511 6367

HRINGBRAUT 121, 101 REYKJAVÍK - WWW.MIR.IS - S.551-1990

MYNDLIST Í JÓLAPAKKANN?

GJAFABRÉFIN FÁST HJÁ OKKUR

MYNDLISTASKÓLINN Í REYKJAVÍK

Seljakirkja 30 ára

- guðshús og fjölnotahús í senn

Hátíðarstund í Seljakirkju. Eins og sjá má er kirkjusalurinn rúmgóður en alls stendur kirkjubyggingin saman af fjórum sölum sem eykur notagildi byggingarinnar til muna.

Seljakirkja er 30 ára. Þótt bygging hennar hafi hafist síðar en annarra kirkna í Breiðholti er Seljakirkja sú sem fyrst var tekin í notkun. Hún var vígð þriðja sunnudag í aðventu árið 1987. Nú á aðventunni verður þessara tímamóta minnst með margvíslegum hætti, boðið verður upp á helgihald með góðum gestum á afmælisdaginn sem er sunnudagur Af viðburðum sem þegar eru búnir má nefna fyrsta sunnudag í aðventu 3. desember heimsótti Guðni Th. Jóhannesson forseti Íslands Seljasókn og flutti ávarp. Næsta sunnudag þann 10. desember verður sérstök hátíðarstemning í barnaguðsþjónustunni þar sem Skólahljómsveit Árbæjar og Breiðholts mun leika jólalög. Á sjálfan afmælisdaginn sunnudaginn 17. desember næst komandi verður boðið til sérstakrar afmælishátíðar. Fjölbreytt hátíðadagskrá verður fyrir unga sem aldna og alla þar á milli. Agnes M. Sigurðardóttir biskup mun prédika við guðsþjónustu og efnt verður til veglegs afmæliskaffis að messu lokinni.

En hver var aðdragandinn að stofnun Seljasóknar og byggingu Seljkirkju. Í grein eftir séra Valgeir Ástráðsson sem var sóknarprestur þar frá byrjun þar til að hann lét af embætti fyrir aldurs sakir er sú saga rakin með skýrum og nákvæmum hætti. Í grein Valgeirs kemur fram að á árinu 1980 hafi íbúafjöldinn í Seljahverfi verið orðinn á áttunda þúsund og stefndi hratt í það sem síðar varð þar á tíunda þúsund íbúa. Á þeim tíma var í Seljahverfi lægstur meðalaldur á landinu og einnig fjölmennustu grunnskólarnir. Það ár losnaði prestsembætti við eina af kirkjunum í borginni. Kirkjustjórnin ákvað þá að stofnuð yrði kirkjusókn í Seljahverfi og henni lagður til starfsmaður sem yrði sóknarprestur í Seljaprestakalli.

Aðstöðuleysi í upphafi – byggja kirkju og rífa

Í upphafi einkenndist safnaðarstarfið af aðstöðuleysi. Fyrsta árið voru almennar guðsþjónustur haldnar á efri hæð verslunarhússins á Seljabraut 54 sem voru einu salarkynnin í hverfinu, sem hugsanleg voru til slíkrar notkunar. Söfnuðurinn fékk að nota sunnudagana fram að kvöldi og eitt kvöld í miðri viku. Það þýddi að fyrir hverja athöfn varð að raða upp stólum, “byggja kirkju” og rífa hana síðan aftur niður. Þetta hefði alls ekki verið hægt, nema vegna þess að áhuginn var mikill og fórnfýsin rík, segir Valgeir. Einnig mikill velvilji skólastjóranna í hverfinu fyrir hendi. Þau Áslaug Friðriksdóttir, skólastjóri Ölduselsskóla og Hjalti Jónasson, skólastjóri Seljaskóla voru ávallt tilbúin til þess að opna dyr skólanna þrátt fyrir að skólarnir voru á þeim tíma báðir hálfbyggðir og ofsetnir.

Kirkjan var hugsuð innan frá – notagildið var efst í huga

Fljótt varð þó ljóst að byggja yrði kirkju. Metnaður safnaðarins var mikill og fljótlega var skipuð kirkjubygginarnefnd. Í erindisbréfi nefndarinnar var lögð á það áhersla ný kirkja miðaðist fyrst og fremst við að veita þjónustu við íbúa sóknarinnar yngri og eldri. Þar skyldi vera rými fyrir hvers konar kristilegt starf. Nefndinni var falið að ráða arkitekt til starfa og vinna síðan með honum að hönnun byggingarinnar til þess að sem flest sjónarmið og notagildi kæmust til skila. Sverrir Norðfjörð arkitekt var ráðinn til starfa. Vann hann með kirkjubyggingarnefnd að hönnun kirkjubyggingarinnar. Valgeir segir að Seljakirkja hafi frá byrjun verið hugsuð innan frá. Notagildið hafi verið efst í huga og því sé hún frábær starfsmiðstöð. Eins og íbúar þekkja er kirkjumiðstöðin fjögur hús með tengibyggingu því tilgangur byggingarlagssins var að reisa mætti húsin í áföngum og þegar allt væri upp komið væri hægt að nota marga sali samtímis án þess að eitt truflaði annað.

Guðshús og fjölnotahús í senn

Ekki þarf að taka fram að hin nýja kirkjubygging gjörbylti allri starfsaðstöðu safnaðarins. Ónnur salarkynni í kirkjumiðstöðinni gerðu það að verkum að fleiri tækifæri gáfust til eflingar á safnaðarstarfi. Árið eftir vígslu var keypt gott pípuorgel í kirkjuna. Það orgel hafði áður verið í kirkjunni á Hólum í Hjaltadal. Strax að lokinni vígslu settu nemendur Seljaskóla sér það mark, undir forystu Hjalta Jónassonar, skólastjóra, að safna nægjanlegu fé til að kaupa kirkjuklukkur fyrir Seljakirkju. Það gekk á undraverðan hátt. 22. mars 1991 afhentu nemendur Seljaskóla þrjár stórar kirkjuklukkur, sem gjöf til Seljakirkju. Það er glæsilegasta og mesta gjöf, sem vitað er að unglingar hafi gefið kirkjunni sinni hér á landi. Það er dýrmætt. Mest er þó um vert um þann hug sem að baki bjó og sýnir tengsl kirkju og hverfis. Seljakirkja hefur staðist tímans tönn með ágætum. Hún er bæði guðshús en einnig fjölnotahús sem hýsir fjölbreytt safnaðarstarf og félagslíf í Seljasókn.

Óskum viðskiptavinum okkar gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári. Þökkum viðskiptin á árinu.

KLIPP-ART
HÁRGREIÐSLUSTOFAN
Hólagarði • Sími: 5572653

Einkarekið apótek í 60 ár

GARÐS APÓTEK 60 Ára 1956 - 2016 -rétt leið

Lágt lyfjaverð - góð þjónusta

Frábær nýjung fyrir alla lyfjanotendur:
Vefverslun með lyf • Lyfseðlar • Lyfjaverð ofl.

APPÓTEK GARÐS APÓTEKS

APPÓTEK GARÐS APÓTEKS er notendavænt vefforrit (app) fyrir tölvur og farsíma á vefsíðunni www.appotek.is

Sogavegi 108 · Sími 5680990 · Opið kl. 9-18 virka daga, lokað um helgar · gardsapotek.is · appotek.is

GAMAN ER AÐ GLEÐJA!

NIVEA

Klassík í hádeginu

Borgarbókasafnið | Menningarhús Gerðubergi

Elsa Waage og Nína Margrét flytja ljóðasöngva Wagners

8. desember kl. 12.15-13.00
10. desember kl. 13.15 - 14.00

Ókeypis aðgangur og allir velkomnir!

www.borgarbokasafn.is | borgarbokasafn@borgarbokasafn.is |

BORGARBÓKASAFNIÐ
MENNINGARHÚS GERÐUBERGI

Fylgstu með okkur á

www.breiðholt.is

Lyfjaval í Mjódd

Á nýjum stað í Mjódd

Aukið vöruval - Einföld og örugg afgreiðsla lyfja

Þann 18. apríl síðast liðinn flutti Þorvaldur Árnason lyfjaverslun sína Lyfjaval á milli húsnæða í Mjódd. Lyfjaval var til húsa í Þönglabakka 6 frá 5. maí 2003 þar til að apótekið flutti nú í vor að Álfabakka 14. Nú þegar apótekið hefur verið starfrækt á nýja staðnum síðast liðna 7 mánuði þá vildum við í Breiðholtsblaðinu forvitnast um ástæður flutningsins og kanna hvernig reksturinn gengi hjá Lyfjavali.

Því heimsóttum við Þorvald og inntum hann fyrst eftir hvers vegna hann flutti reksturinn. Þorvaldur sagði sem var „að samkeppnisaðili hans hefði keypt ofan af honum húsnæðið að Þönglabakka 6 og þá var bara tvennt í stöðunni. Að yfirgefa Mjóddina eða að flytja sig á milli plássa. Og þannig vildi til að húsnæðið sem Lyfjaval er flutt í er við hliðina á samkeppnisaðilanum sem keypti ofan af okkur í Þönglabakkanum.“ Einnig sagði Þorvaldur „ að staðan hefði verið svolítið pínleg að vera orðinn leigjandi hjá samkeppnisaðilanum, sem fæsta langar til að vera í. En staðan er orðin gjörbreytt. Langflestir viðskiptavinir Lyfjavals hafa fylgt okkur í nýja húsnæðið og við merkjum greinilega aukningu. Kemur þar ýmislegt til. T.d. þá nær húsnæðið þvert í gegnum húsið þannig að við höfum inngang hvoru tveggja frá bílaplani vestan við húsið sem og innangengt frá göngugötu. Við höfum aukið vöruúrvalið og svo eru allar innréttingar nýjar og vandaðar því öll framsetning hin besta og afgreiðslan einföld og örugg.

Lyfjaval hefur opnað glæsilegt apótek á nýjum stað í Mjódd að Álfabakka 14 við hliðina á Gleraugnabúðinni.

Við spyrjum Þorvald um framtíðarsýn. Og Þorvaldur svarar að bragði. „Við erum samkeppnisfær í verði auk þess sem við erum alltaf með einhver sértilboð í gangi á hinum ýmsu vörum og er okkar aðalmarkmið að gera vel við okkar viðskiptavini.“

Við óskum Þorvaldi til hamingju með nýja staðsetningu apóteksins og hvetjum lesendur blaðsins til að heimsækja Lyfjaval í Mjódd, kynna sér samkeppnisfær verð lyfja og annarra heilsuvara sem Lyfjaval býður nú í meira úrvali en áður.



Hefur þú nýtt þér Frístundakortið?

Söng- og hljóðfærasmiðjur í frístundaheimilunum

Fimm frístundaheimili í Breiðholti hafa sett á laggirnar söng- og hljóðfærasmiðjur fyrir börnin í 1. og 2. bekk og njóta aðstoðar tveggja söngkvenna sem stýra smiðjunum. Markmiðið með smiðjunum er að styðja við söng- og tónlistarstarf á frístundaheimilunum og um leið að virkja tónlistaráhuga barnanna og hvetja þau áfram.

Af þessu tilefni voru fest kaup á hljóðkerfi og einnig hljómborð fyrir öll fimm frístundaheimilin sem taka þátt í þessu verkefni. Söngkonur sem stýra smiðjunum eru Hildur Kristín Stefánsdóttir og Hildur Vala Einarsdóttir sem koma í hvert frístundaheimili tvisvar í viku í klukkutíma og vinna með 10 til 20 barna hópum.

Í smiðjunum er einnig stutt við íslenskunám barnanna með vönduðu vali á ljóðum og lögum til söngs. Þessar tónlistarsmiðjur hafa farið vel af stað og börnin sýnt því mikinn áhuga og haft gaman af. Þau hafa staðið sig mjög vel í að syngja og koma fram. Verkefnið hefur jákvæð áhrif á sjálfsmynd barnanna, eykur sjálfstraust og er góð æfing í framkomu. Stefnt er að því að sönghóparnir komi fram á viðburðum á vegum frístundaheimilanna og jafnvel öðrum uppákomum.

Á myndunum má sjá börn að leik og starfi í söng- og hljóðfærasmiðjunum.

... svo ótrúlega þægileg eftir sturtuna eða baðið!



Frábær gjöf fyrir dömur á öllum aldri

Fáanleg í 12 litum í fullorðins- og barnastærð.

Helstu útsölustaðir í Reykjavík
Allar sundlaugar, Apótekarinn Mjódd, Lyf og heilsa; Granda, Kringlu og Austurveri, Snyrtivöru- búðin Glæsibæ, Mistý, Lyfjaver, Reykjavíkur Apótek, Árbæjarapótek, Urðarapótek.

Netverslanir Aha.is, Heimkaup og Krabbameinsfélagið.

Sif höfuðhandklæði

elfursif@internet.is gsm 660 8860

Nánar um sölustaði á facebook

	Þorláksmessa	Aðfangadagur	Jóladagur	Annar í jólum	Gamlársdagur	Nýársdagur
	23. des	24. des	25. des	26. des	31. des	1. jan
Árbæjarlaug	09.00-18.00	09.00-13.00	Lokað	12.00-18.00	09.00-13.00	Lokað
Breiðholtslaug	09.00-18.00	09.00-13.00	Lokað	Lokað	09.00-13.00	Lokað
Grafarvogslaug	09.00-18.00	09.00-13.00	Lokað	Lokað	09.00-13.00	Lokað
Klébergslaug	11.00-15.00	10.00-13.00	Lokað	Lokað	10.00-13.00	Lokað
Laugardalslaug	08.00-18.00	08.00-13.00	Lokað	12.00-18.00	08.00-13.00	12.00-18.00
Sundhöllin	08.00-18.00	08.00-13.00	Lokað	12.00-18.00	08.00-13.00	12.00-18.00
Vesturbæjarlaug	09.00-18.00	09.00-13.00	Lokað	12.00-18.00	09.00-13.00	Lokað
Ylströnd	11.00-16.00	Lokað	Lokað	Lokað	Lokað	11.00-15.00

ÍTR

Sími: 411 5000 • www.itr.is

Gleðidagar í Gull-úrinu

20% - 45% afsláttur

af demöntum, gulli og silfurskart-gripum, úrum og klukkum

GULL-ÚRIÐ • MJÓDDINNI
Álfabakka 16 • sími 587 4100
Axel Eiríksson úrsmíðameistari

JÓGADÝNUR Í JÓLAGJÖF
Manduka í miklu úrvali.
20 ára saga:
Einstök gæði
Margar tegundir og fylgihlutir.

Systrasamlagið
ÓÐINSGÖTU 1, REYKJAVÍK
Heimasíða: www.systrasamlagid.is
www.facebook.com/Systrasamlagid
Sími: 511 6367

Soroptimistasystur með kökubasar í Mjóddinni

- félagar í Soroptimistaklúbb Bakka og Selja á fimmta tug

Soroptimistaklúbbur Bakka og Selja var stofnaður 18. október 1980. Félagar klúbbsins eru nú 42 talsins. Nafnið hefur oft vakið spurningar en það er dregið af latneska orðinu soror optima sem þýðir besta systir eða bjartsýnissystir. Þess vegna köllum við okkur systur. Klúbburinn hefur haldið fundi sína mánaðarlega í kirkjumiðstöð Seljasóknar og við erum svo lánsamar að sr. Bryndís Malla Elídóttir, sóknarprestur í Seljakirkju, er ein af systrum okkar.

Klúbburinn okkar er einn af nítján klúbbum í Soroptimistasambandi Íslands en það var stofnað 1974. Klúbbarnir eru staðsettir víðsvegar um land og þeim fer fjölgandi. Síðast var klúbbur stofnaður fyrir rúmu ári síðan á Tröllaskaga. Á Íslandi eru alls um sex hundruð systur. Fjölbreytnin í klúbbnum felst m.a. í því að hann er starfsgreindur, þ.e. yfirleitt er ein systir úr hverri starfsgrein svo sem hjúkrunarfræðingur, kennari, skjalastjóri, plöntuvistfræðingur, hæstaréttarlögmaður, húsmóðir, tannlæknir og snyrtifræðingur svo eitthvað sé nefnt. Klúbburinn stofnaði fyrir nokkrum árum gönguklúbb sem hittist einu sinni í viku og fer í þægilegar gönguferðir í Reykjavík og nágrenni.

Við erum hluti af Alþjóðasambandi soroptimista og eru félagar um áttatíu þúsund og starfa í 127 löndum víða um heim. Soroptimistar vilja stuðla að heimsmynd þar sem konur og stúlkur ná í sameiningu fram því besta sem völ er á bæði sem einstaklingar og sem hópur.

Við erum í stuttu máli sagt samtök kvenna fyrir konur og við leitumst við að bæta lífskjör kvenna og stúlkna hvar sem er í heiminum. Klúbburinn hefur m.a. styrkt ungar stúlkur á Indlandi til náms og fylgst náið með þeim. Basarinn í Mjóddinni sem haldinn var 24. nóvember síðastliðinn var helgaður einu af verkefnum okkar sem felst í því að styrkja stúlkur í Breiðholti. Margar okkar búa í Breiðholti eða höfum búið þar og alist upp og við erum afskaplega stoltar af hverfinu okkar og umhverfi þess. Formaður klúbbsins er Erla Svanhvít Árnadóttir hæstaréttarlögmaður.

Sjá nánar á vef samtakanna www.soroptimist.is

Soroptimistasystur standa við kökuborðið á Basarnum í Mjóddinni 24. nóvember.

Áhugasamar systur við bakstur í Ölduselsskóla en ein systir er kennari við skólann.

Árbæjarsafn
Verið velkomin á jóladagskrá Árbæjarsafns
sunnudagana 3. 10. og 17. des.
kl. 13–17
www.borgarsogusafn.is

Breiðholtsblaðið www.borgarblod.is

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
Auðbrekku 1, Kópavogi SÍÐAN 1996
ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA

Kristín Ingólfsdóttir

Sverrir Einarsson

Margrét Ásta Guðjónsdóttir

Símar allan sólarhringinn: 581 3300 & 896 8242 • www.utforin.is
Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er.
ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242

TILBOÐ
flíssloppar
aðeins kr. 5.990
Úrval af fatnaði!

Meyjarnar
Mjódd - Sími 553 3305

OPIÐ TIL KL 21:00 ÖLL KVÖLD

TAKK!

ÞÖKKUM FRÁBÆRAR MÓTTÖKUR Í SMÁRALIND

NAUTASALAT XO

LÍKLEGA BESTI HOLLI SKYNDIBITINN Á ÍSLANDI

XO HUMARBAKA

XO

FUN · FAST · FUSION

JL HÚSINU & SMÁRALIND

WWW.XOFOOD.IS
571-3888

TANDOORI KJÚKLINGUR

tripadvisor
4,5 ★

FACEBOOK.COM/
XO VEITINGASTAÐUR
4,7 ★

FB nemar á ferð og flugi

Í FB er mjög öflugt erlent samstarf. Fjölmargir nemendur og kennarar skólans taka þátt í ýmsum evrópskum og norrænum samstarfsverkefnum sem og skiptinámi með styrk frá Erasmus+.

Nám og þjálfun erlendis innan starfsmenntunar er skemmtileg viðbót en á vegum Erasmus+ er hægt að sækja um dvalar og ferðastyrki fyrir nemendur í gegnum Rannís. Á hverju ári fara til dæmis um tuttugu verk og listnámsnemar FB í skiptinám til útlanda í einn til þrjá mánuði. Um er að ræða nemendur í húsasmiði, rafvirkjun, sjúkraliðanámi og snyrtifræðinámi svo og nemendur af fata- og textílbraut. Það er dýrmæt reynsla sem nemendur öðlast með því að búa í útlöndum og standa á eigin fótum, kynnast menningu og vinnubrögðum í öðrum löndum. Nemendur fá starfsþjálfun sína erlendis metna til fulls þegar heim er komið. Á þessu ári sendum við nemendur í húsasmiði og rafvirkjun bæði til Danmerkur og Eistlands. Fata- og textílnemar fóru til Finnlands, sjúkraliðanemar fóru til Menorca á Spáni og snyrtifræðinemar fóru til Finnlands.

Til Menorca á Spáni fóru þær Rebekka Rut Jónsdóttir, Ída Hlín Steinþórsdóttir og Ellen Alexandra Gunnlaugsdóttir. Þær dvöldu þar í einn mánuð og unnu sem sjúkraliðanemar á dvalarheimili fyrir aldraða.

Til Helsinki í Finnlandi fóru þær Tara Lind Jóhannsdóttir, Kristín María Kristmannsdóttir, Þorbjörg Sara Guðlaugsdóttir og Aðalheiður Jóna Magnúsdóttir. Á myndunum eru Þorbjörg ásamt finnskum samstarfsmanni og Aðalheiður á snyrtistofunni í Helsinki.

PÓSTURINN

Pakkinn þinn er í traustum höndum

Komdu jólapökkunum til okkar og við komum
þeim í réttar hendur hratt og örugglega.

Við komum því til skila

Yndislestur á aðventu

Nú þegar desember er runninn upp með tilheyrandi önnum er gott að minna á mikilvægi lesturs. Í jólamánuðinum þurfa flestir að keppast við til að njóta aðventunnar og undirbúa jólahátíðina. Þess vegna reynist oft erfiðara að halda hefðbundinni rútínu á heimilinu sem getur t.d. bitnað á því að sjaldnar sé lesið fyrir börnin og að þau lesi sjaldnar heima. Gott er að hafa í huga að æfingin skapar meistarann og er hún mikilvæg svo ekki hægi á lestrarnáminu en auk þess getur reynst erfitt að skapa lestrarrútínu að nýju eftir fríið.

Anna María Jónsdóttir kennsluráðgjafi.

Lestrarnám getur ekki verið eingöngu á ábyrgð skólanna, foreldrar og heimilin verða einnig að axla ábyrgð en fjöldi rannsókna hafa sýnt fram á mikilvægi þátttöku foreldra í lestrarnámi barna sinna. Foreldrar þurfa ekki að vera sérfræðingar í lestri til að geta hjálpað börnum sínum heldur er mikilvægt að þeir séu lestrarfyrirmyndir. Þeir lesi sjálfir, hlusti af áhuga á lestur barna sinna, ræði við þau um lesefnið ásamt því að halda áfram að lesa fyrir börn sín þótt þau geti lesið hjálparlaust. Rannsóknir hafa sýnt að algengasta ástæða þess að börn lesa ekki er áhugaleysi, mun sjaldnar eru lestrarerfiðleikar ástæðan. Til að auka áhuga barna á lestri þurfa fjölskyldur að lesa meira þar sem börn endurspegla lestrarvenjur heimilanna. Foreldrar geta vakið áhuga barna sinna á lestri með því að fara með þau á bókasöfn og í bókabúðir og finna bækur og tímarit sem fjalla um áhugamál barnanna. Í desember gefst einnig kostur á að hlusta á höfunda lesa upp úr nýjum bókum þar sem enn er hefð fyrir bókaútgáfu fyrir jól á Íslandi. Margir halda í hefðir tengdar jólum og hægt væri að búa til nýjar hefðir á heimilinu tengdar bókum og notalegum lestrarstundum í desember.

Vöndum valið og veljum skemmtilegar bækur í samráði við börnin okkar og gerum daglegan lestur að rútínu í desember. Þannig er hægt að auka gæðastundir fjölskyldunnar en einnig að mynda ákveðna ró og festu sem getur hjálpað fjölskyldum í þessum annasama mánuði.

Anna María Jónsdóttir,
kennsluráðgjafi Þjónustumiðstöð Breiðholts.

Bið, endalaus bið...

Sr. Jón Ómar Gunnarsson, prestur í Fella- og Hólakirkju skrifar

„Bið endalaus bið sem bara styttist ei neitt...“ þannig hljómar texti í þekktu jólalagi sem við heyrum spilað í útvarpinu um hver jól. Við þekkjum það öll að bíða eftir jólum, að bíða eftir því að jólaljósin séu sett upp og að við fáum að opna jólagjafirnar, borða jólamatinn, upplifa hina einu sönnu jólastemmningu og eiga samverur með fjölskyldunni. Jólin eru einstakur tími. En bið jólanna er ekkert auðveld. Nú til dags erum við fæst vön því að þurfa bíða mjög lengi. Á tímum facebook, tölvupósta, snapchat, sms og instagram fáum við ávallt viðbrögð strax, jafnvel innan fárra sekúnda. Við lifum á tímum byltingar í upplýsingatækni og hraðinn er gríðarlegur, það gerir biðina enn þá erfiðari.

Nú er aðventa, en aðventa er einmitt sá tími ársins sem við hin óþolinmóðu bíðum, við bíðum jólanna og þess sem jólin boða. Aðventan er tíminn okkar til þess undirbúa huga okkar og hjarta fyrir jólahátíðina. Aðventan er okkur því lífsnauðsynleg. Vissulega er ytri búningur jólanna hluti þessa undirbúnings, við tjáum gleði okkur yfir jólunum með því að undirbúa heimili okkar og skreyta, með því að útbúa góðan mat, gefa hvert öðru gjafir og gera jólin okkar hátíðleg. En það er meira, við bíðum á aðventunni með þeim sem biðu forðum í landinu helga. Við bíðum með Maríu, Jósef, vitringunum og fjárhirðunum. Við bíðum með þeim sem væntu þess að Guð myndi vitja þeirra. Á aðventu horfum við fram á við til jólanæturinnar þegar himinn og jörð mættust og Guð uppfyllti loforð sín og vitjaði mannsins og gerðist maður í Jesú Kristi. Við tendrum kertin fjögur á aðventukransinum fyrst spádómskertið, svo Betlehemskertið, næst hirðakertið og loks englakertið til þess að undirbúa okkur fyrir fæðingu frelsarans og hverju sá viðburður breytti og breytir enn í dag í lífum okkar.

Séra Jón Ómar Gunnarsson.

Aðventan minnir okkur einnig á að við sjálf erum að bíða, við bíðum á aðventu lífs okkar. Bíðum þess að hinn upprisni Kristur snúi aftur og geri alla hluti nýja. Kristur knýr á dyr hjarta okkar á þessari aðventu sem fyrr. Hann knýr á dyrnar og býður okkur til fylgdar við sig. Í jólasálmi Einars Sigurðssonar „Kvæðið af stallinum Kristí“ segir: „Þér gjöri ég ei rúm með grjót né tré, gjarnan læt ég hitt í té, vil ég mitt hjartað vaggan sé, vertu nú hér, minn kæri.“ Mættum við á þessari aðventu bíða hans sem kemur og gera hjörtu okkar að vöggu frelsarans.

Guð gefi ykkur öllum gleðileg jól.

Glæsilegur náttfatnaður og undirfatnaður í verslunni Ynju Glæsibæ

Ynja UNDIRFATAVERSLUN

Glæsibær - Álfheimar 74 - S. 544 4088 - www.ynja.is

Bestu óskir um gleðileg jól og farsælt komandi ár. Þökkum viðskiptin á árinu.

GULLSMIÐURINN Í MJÓDD

Takk fyrir að lesa af mælunum!

Einu sinni á ári söfnum við álestrum frá viðskiptavinum okkar svo við getum gert upp rafmagns- og heitavatnsnotkun.

Í Breiðholtinu er slíku tímabili að ljúka og þið hafið nú sent okkur álestra af tæplega **4.000 mælum með rafrænum hætti** í gegnum vefinn okkar, veitur.is.

Við viljum **þakka ykkur kærlega fyrir frábærar undirtektir,** þið hafið svo sannarlega brugðist vel við.

Á **mínum síðum á veitur.is** getur þú skoðað orkunotkun þína á myndrænu formi og borið saman við sambærileg heimili.

veitur.is

VEITUR

Gleðileg jól!
Jólaísinn frá Kjörís er hreint út sagt ómótstæðilegur. Í ár hringjum við inn hátíð ljóss og friðar með hátíðarís með karamellusnúningi. Það er góður siður að gera sér dagamun yfir jólin með ábætisrétti að lokinni máltíð – eða með örlitlu góðgæti eftir annasaman dag. Hvort sem þú kýst heldur, þá er alltaf tími fyrir jólaís.
JÓLAÍS
með karamellu
Kjörís

Lestrarfærni barna vex í Breiðholti

Lestrarfærni barna í öðrum bekk í grunnskóla hefur aukist í Breiðholti en hrakað í öðrum hverfum borgarinnar. Þarna sker Breiðholtið sig úr því þar batnar árangurinn um fimm prósentustig á milli ára. Eftir sem áður er þó hlutfall þeirra sem geta lesið sér til gagns lægra í Breiðholti en í öðrum hverfum borgarinnar en það mun skýrast af því að þar býr hærra hlutfall barna sem eiga sér annað móðurmál en íslensku.

Skúli Helgason formaður skóla- og frístundaráðs fagnar þeim árangri sem náðst hefur í Breiðholti. Hann telur skipta máli að 15 leik- og grunnskólar auk þjónustumiðstöðvar Breiðholts hafi haldið úti verkefninu Læsi allra mál frá því í ársbyrjun 2015. Þessi markvissa vinna sé að líkindum að skila sér í Breiðholti. Um frábært frumkvöðlastarf sé að ræða og mjög góða fyrirmynd og hvatning fyrir skóla í öðrum borgarhlutum. Stúlkur koma betur út en drengir líkt og á undanförnum árum. Hlutfall stúlkna sem getur lesið sér til gagns er um 66% samanborið við um 60% drengja.

Kór Seljaskóla söng í Seljahlíð

Kór Seljaskóla, eldri deild, fór í velheppnaða tónleikaferð mánudaginn 31. okt. og söng nokkur haustlög fyrir dvalargestir á Seljahlíð, sem kórinn hefur æft af krafti síðan í september. Tónleikarnir vöktu mikla lukku og enduðu á samsöng með heimilisfólkinu. Næst á dagskrá kórsins er undirbúningur fyrir jólatónleika.

Bestu óskir um gleðileg jól og farsælt komandi ár. Þökkum viðskiptin á árinu.

Bergsteinar
legsteinagerð

Auðbrekku 4, 200 Kópavogi, sími: 537-1029, www.bergsteinar.is

Nándin við viðskiptavinina dróg mig hingað

- segir Axel Eiríksson í Gullúrinu

Upp úr hádegi á laugardegi í byrjun desember hefur Mjóddin vaknað til lífsins. Fólk á ferli, röltir um, lítur í búðir. Aðrir fara í konditoríið og fá sér kaffi og með því. Jólavörurnar eru komnar í Nettó eins og annars staðar og biðraðir að myndast við kassana. Hjá Axel í Gullúrinu gengur lífið sinn vana gang. Hann sagði tíðindamanni að líta við upp úr hádeginu. Bjóst ef til vill ekki við mikilli traffík en lifið var öðru nær. Viðskiptavinir streymdu að og tíðindamaðurinn lét sér nægja að bragða á góðu kaffi úr vélinni hans á meðan hann sinnti viðskiptunum – skaut einni og einni spurningu að honum á milli þess sem hann seldi skartgripi, úrólar eða tók úr til yfirferðar. Hvorki var að sjá á úrsmiðnum eða viðskiptavinum að hann væri farinn að huga að því að hætta en fregnir af því höfðu orðið tilefni heimsóknar. "Ég hef einu sinni áður hugað að því að fara að hætta en þá varð ekkert úr því. Ég hugsa að ég láti verða af því núna. Er þó ekki búinn að ákveða daginn. Kannski dregst þetta eitthvað hjá mér."

"Á ég ekki að fara í sloppinn," sagði Axel þegar hann bjó sig til myndatöku. Hér er hann við "klukkuvegginn" á vinnustofu sinni á bak við verslunina á Mjóddinni.

Axel Eiríksson er búinn að versla í Mjóddinni í Breiðholti í nær aldarfjórðung – í 24 ár nákvæmlega að sögn konu hans. Hann opnaði Gullúrið 1993 en hafði áður starfað á ýmsum stöðum. Í Bankastrætinu í mög ár og einnig um árabil vestur á Ísafirði þangað sem hann flaug að jafnaði mánaðarlega til þess að líta eftir rekstrinum þar á bæ. Axel á enga tenginu við Ísafjörð en segir konu sína ættaða úr Dýrafirði. Þau fóru mikið vestur á sínum tíma og hugmyndin um verslunarrekstur á Ísafirði hafi kviknað. "Ég var einhverju sinni á leið vestur í leiðindaverðri og flugskilyrðin voru vond. Vélin lét illa og mér var ekki sama. Hélt hreinlega að ég væri að hristast í sundur. Þá hugsaði ég af hverju ég væri eiginlega að þessu en þráaðist við og hélt áfram. Eftir að ég hætti að reka verslunina fyrir vestan fóru Ísfirðingar að venja komur sínar til mín hingað í Mjóddina ef þeir áttu leið suður. Einhvern veginn spurðist út hvar verslun mín væri og þeir létu mig vita að þeir væru að vestan sem mér þótti vænt um. Spurðu gjarnan hvort ég myndi eftir þeim að vestan."

Nándin við viðskiptavininn

En hvað dró Axel að Mjóddinni. Verslunarstað í byggð langt utan Miðborgarinnar sem lengst af hafði verið vettvangur hans auk höfuðstaðar Vestfjarða. "Það var umhverfið. Ég vil ekki kalla það þorpsbrag en engu að síður er þetta afmörkuð byggð með sína sérstöðu. Ég sá fram á að hér gæti ég átt persónulegra samband við viðskiptavinina og veitt betri þjónustu. Þetta minnti mig á Ísafjörð. Nándina við byggðina og fólkið – fólkið sem vildi versla í heimabyggð. Á þessum tíma stóð ég líka frammi fyrir því hvort ég vildi fara inn í stóru verslanamiðstöðvarnar en ég sá að meðal annars að opnunartíminn hentaði mér ekki. Bindingin alla daga vikunnar allan ársins hring. Það yrði eins og að vera bóndi með stórt kúabú. Ég held að þetta tvennt nálægðin við viðskiptavininn og möguleikinn að geta aðeins litið upp úr þessu hafi orðið til þess að ég ákvað að kom hingað í Mjóddina."

Var heppinn að komast að hjá Carli A. Bergmann

En af hverju valdi Axel úrsmíðina. "Ég hætti í skóla. Það skorti eitthvað upp á áhugann og ég fór að vinna. Fyrsta vinnan mín var á loftpressu hjá Hitaveitunni. Það var verið að leggja hitaveitu í Sólheimana. Þetta var um vetur og við vorum að grafa skurði. Stundum snjóaði ofan í það sem höfðum grafið daginn áður og þá þurfti að hefja nýjan dag á að moka snjó upp úr þeim. Ég hef alltaf verið fremur grannvaxinn og kannski ekkert of þrekmikill til erfiðisvinnu en lét mig þó hafa þetta um tíma. Þó fór svo að ég fór að leita mér að annarri vinnu. Ég hef alltaf haft áhuga á hönnun og ég staðnæmdist fljótlega við úrsmíðina. Ég var svo heppinn að komast í nám hjá Carli A. Bergmann, sem lengi var með úrsmíðastofu og verslun á Skólavörðustígnum og síðar á Laugaveginum og vann síðan hjá honum um tíma eftir námið. Ég hætti þar í kringum 1970 og opnaði þá ásamt kunningja mínum sem er gullsmiður Úra- og skartgripasöluna á Óðinsgötu 1. Síðar flutti ég svo niður í Bankastræti. Svo kom aukabúið á Ísafirði og nú hef ég verið hér í Mjóddinni í 24 ár."

Fimm byltingar

Axel hefur sinnt félagsmálum úrsmiða og var um tíma formaður félags þeirra. Eitt af því sem hann vann að var að láta skrá sögu úrsmiða og sögu tímamæla á Íslandi sem var hluti af iðnsögu Íslendinga. Einnig hefur hann ásamt öðrum safnað saman upplýsingum um alla úrsmiði sem hafa verið með rekstur hér á landi frá upphafi. En hvað hefur breyst í störfum úrsmiða frá því að Axel byrjaði að vinna hjá Carli A. Bergman. "Það hefur ýmislegt breyst. Fyrstu árin hjá Carli vann maður aðallega við að gera við handtrekktar vekjaraklukkur sem þá voru á hverju heimili. Ég man að alltaf voru tvær hillur hjá Carli þéttsetnar af vekjaraklukkum sem var verið að gera við. Svo reið rafhlöðubyltingin yfir. Rafdrifnu klukkurnar leystu hinar smám saman af hólmi þótt einstaka maður og kona væru nokkuð fastheldin á gömlu klukkurnar sínar. Með þessari byltingu breyttist handverkið mikið. Fjöðrin til dæmis hvarf um tíma. Þriðja byltingin kom svo með digitaltækninni og síðan komu kvartsúrin með ýmsum mælimöguleikum. Í dag eru komin á markaðinn svo kölluð smartúr sem mæla skrefin og gengna kílómetra og brennslu t.d. Einnig hefur orðið vakning í eftirspurn eftir sjálftrekktum mekanískum úrum sem hlaða sig af hreyfingunni einni saman, þurfa enga rafhlöðu og geta gengið út í það óendanlega ef því er að skipta. Þróunin hefur því verið talsvert hröð og nánast byltingarkennd þegar nýjar kynslóðir af klukkum hafa komið fram. Þetta eru eiginlega fimm byltingar á mínum ferli. Svo er til fólk sem lítur á úr og klukkur sem hluta af fallegri hönnun og öðrum finnst notalegt að heyra tikkið í klukkunum. Smekkur fólks er mjög fjölbreyttur."

Enn streyma viðskiptavinir til Axels þegar tíðindamaður kveður. Fólk veit af honum eftir nær aldarfjórðungs verslunarrekstur í Mjóddinni.

Jólagleði fyrir alla fjölskylduna

Það verður fjör í útibúi Íslandsbanka í Norðurturni fram að jólum

9. desember kl. 13:00
Þórarinn Eldjárn les fyrir börnin
og jólasveinar bregða á leik

16. desember kl. 13:00
Pönnukakan hennar Grýlu –
Brúðuleikrit um hinn sanna jólaanda

Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir

440 4000

@islandsbanki

islandsbanki.is

Íslenskuverðlaun unga fólksins

Verðlaunahafar Breiðholtsskóla og Ölduselsskóla

Íslenskuverðlaun unga fólksins voru veitt í ellefta sinn, í tilefni af Degi íslenskrar tungu þann 16. nóvember. Verðlaununum er ætlað að auka áhuga grunnskólanema í Reykjavík á íslenskri tungu og hvetja þá til framfara í tjáningu og töluðu og rituðu máli.

Frá Ölduselsskóla hlutu verðlaun að þessu sinni þær Katla Hlökk Tómasdóttir, Edda Ísold Bjarnadóttir og Þóra Rannveig Emmudóttir fyrir framúrskarandi tök á íslensku máli. Í ár hlutu þessir nemendur úr Breiðholtsskóla verðlaunin Ellen Aushma Devi Niraula, Valdís Ósk Gunngeirsdóttir og Amelía Sara Kamilsdóttir. Stúlkurnar hafa sýnt framúrskarandi námshæfileika og skara fram úr á öllum sviðum í íslensku. Þær hafa sýnt færni og frumleika við að tjá sig og leggja sig fram bæði í lestri og hlustun.

www.borgarblod.is

Skáklíf blómstrar

- skáksveit Ölduselsskóla sigraði á Jöklamótinu

Skáksveit Ölduselsskóla sigraði af miklu öryggi á hinu árlega Jólaskákmóti Taflfélags Reykjavíkur og Skóla- og frístundasviðs. Mótið sem fram fór fyrsta sunnudaginn í aðventu, þann 3. desember síðastliðinn, er að öllu jöfnu fyrsta skólaskákmót hvers skólaárs.

Að þessu sinni tefldi Ölduselsskóli fram tveimur sveitum í flokki 8.-10. bekkjar. A-sveit skólans hlaut 19 vinninga af 20 mögulegum og sigraði af öryggi eins og áður sagði. Sveitin hefur verið afar sigursæl í gegnum tíðina og hefur unnið yngri flokk Jólaskákmótsins síðastliðin ár en er nú að vinna elsta flokkinn í fyrsta sinn. Þetta er þrátt fyrir að skáksveitin hafi verið sú yngsta á mótinu. B-sveit Ölduselsskóla hlaut 9 vinninga og endaði í 3. sæti. Það er eftirtektarvert að bæði a- og b-sveitir sama skólans nái verðlaunum. Fyrir a-sveit Ölduselsskóla tefldu Óskar Víkingur Davíðsson, Stefán Orri Davíðsson, Baltasar Máni Wedholm Gunnarsson og Birgir Logi Steinþórsson. Fyrir B-sveit Ölduselsskóla tefldu Elfar Ingi Þorsteinsson, Viktor Már Guðmundsson, Ívar Lúðvíksson, Frank Gerritsen og Garðar Már Einarsson. Liðsstjóri sveitanna var Björn Ívar Karlsson skákkennari, sem einnig sér um vikulegar skákæfingar í skólanum.

Í 4. sæti mótsins með 7,5 vinning var svo sveit Breiðholtsskóla. Talsverða athygli vakti að þrjár af fjórum efstu skáksveitum mótsins kæmu af sama svæði Reykjavíkur en það sama var upp á teningunum á mótinu í fyrra þegar Ölduselsskóli sigraði á mótinu en Breiðholtsskóli var þá einnig í 4. sæti. Þeir sem tefldu fyrir Breiðholtsskóla voru Bjarki Dagur Arnarsson, Ásgeir Valur Kjartansson, Pálmi Hrafn Gunnarsson og Sigurður Ríkharð Marteinsson. Liðsstjóri var Daði Guðjónsson sem stendur fyrir skákkennslu í skólanum.

Fyrir þá krakka í Breiðholtinu sem hafa áhuga á skák má einnig benda á ókeypis, opnar æfingar hjá Skákfélaginu Huginn á mánudögum frá kl. 17:15 til 19:00. Æfingarnar eru í Álfabakka 14a í Mjóddinni, inngangur er við hliðina á Subway og er félagsheimilið á 3. hæð.

B sveit úr Ölduselsskóla varð í þriðja sæti.

A sveit úr Ölduselsskóla sem varð í fyrsta sæti.

Sveit Breiðholtsskóla varð í fjórða sæti.

VIÐ BÚUM TIL DRAUMASÓFANN ÞINN

900 útfærslur, engin stærðartakmörk og 3.000 tegundir af áklæðum

Hægindastólar frá Fama

Gjafavara frá Julia Crystal

NÝJAR VÖRUR frábær kynningaverð í desember

Vasi
Verð 14.100 kr.

Kampavínsglös
6 stk. Verð 19.900 kr.

Skál
Verð 17.200 kr.

Skál
Verð 12.400 kr.

Vasi
Verð 11.700 kr.

Verð 3.500 kr.
Verð 3.300 kr. Verð 3.500 kr.

Gjafavara frá Rice

NÝJAR VÖRUR frábær kynningaverð í desember

Kíktu í heimsókn!
Við erum á Bíldshöfða 18

Opið virka daga kl. 10-18
Laugardaga 11-15

Patti HÚSGÖGN

Bíldshöfða 18 - 110 Reykjavík - sími: 557 9510 - www.patti.is

Vestfjarðabækurnar 2017

Allt þetta fólk.
Þormóðsslysið 18. febrúar 1943 var mikill harmleikur. Líf heillar byggðar og flestra fjölskyldna þar gjörbreyttist og bar merki þess uppfrá því. Hér er í fyrsta sinn fjallað um þennan mikla harmleik í heild eftir öllum tiltækum heimildum. Frásögn sr. Jakobs lætur fáa ósnortna.



Vestfirskar sagnir 4. hefti.
Úr reynsluheimi forfeðranna í harðbýlum landshluta. Margar sagnir færði Helgi Guðmundsson í fyrsta sinn til bókar eftir margra alda munnlega geymd. Þar komu skilgóðir heimildamenn við sögu.

Sólin er klukkan sjö á Hreiðarsstaðafjallinu.
Jóhannes Sigvaldason er Svarfdælingur. Vann fyrir bændur alla tíð. Fór í pólitík og botnaði ekkert í henni! Framsóknarmenn á Akureyri fóru sjaldan með glens og gamanmál. Það þótti honum svolítið merkilegt.

100 Vestfirskar gamansögur 1. bók.
Þeir eru orðheppnir og miklir húmoristar, Vestfirðingarnir! Græskulaus gamansemi sem allir hafa gott af. Gamanmál eru nauðsynleg, en að baki þeim býr alvara lífs og dauða, sagði Eiríkur skipherra.

Vestfirðingar til sjós og lands.
Já, Vestfirðingar í bak og fyrir. Ef einhver ber af í þjóðfélaginu er hann vísast að vestan. Kraftur, hugrekki og hjálpsemi er lífselexír Vestfirðinga ásamt húmornum. Manngildi meta þeir í dugnaði og slíku, síður í peningum!



Hjólabókin, 5. bók Rangárvallasýsla.
Viltu ferðast á frábæra staði og samt losna við fjölmenni? Þá er reiðhjólið rétti ferðamátinn. En það merkilega er að hjólabækurnar hans Smára eru ekki bara fyrir þá sem eru á hjóli, heldur alla ferðalanga á Íslandi.



Þorp verður til á Flateyri 2. bók.
Flateyri við Önundarfjörð. Merkileg bréfasöfn úr kofforti og kommóðuskúffu koma við sögu þegar hún Jóhanna rifjar upp ýmislegt um sína ástkæru heimabyggð og nærsveitir.

Vestfirska forlagið

Upp með Vestfirði!
Pantanir: 456-8181 - jons@snerpa.is
www.vestfirska.is



Fortunu slysið í Eyvindarfirði á Ströndum 1787.
Ótrúleg saga sem þeir Guðlaugur og Jón rifja upp. Þeir notast eingöngu við frumheimildir úr Þjóðskjalasafninu. Björgunarmenn voru margar vikur að komast á strandstað.

Vestfjarðabækurnar fást í bókaverslunum um land allt!

NÚ FER HANN ÚT

Stóri dagurinn

MILLJÓNIR

DRÖGUM 12. DESEMBER

PiparTBWA \ SÍA

SJÖFALDUR POTTUR, NÚ FER HANN ÚT

Fáðu þér miða á hhi.is

HAPPDRÆTTI HÁSKÓLA ÍSLANDS

Vænlegast til vinnings

Metfjöldi iðkenda hjá ÍR á afmælisárinu

Samkvæmt iðkendatölum og árangri á íþróttasviðinu á 110 ára afmælisárinu er starfsemi ÍR stöðugt að eflast og fjölbreytni íþrótta sem félagið býður upp aldrei meiri. Nú er boðið upp á iðkun í 10 íþróttagreinum hjá ÍR og óskir um að félagið komi á æfingum í fleiri greinum liggja fyrir.

Frá því að núverandi skráningarkerfi iðkenda var tekið upp árið 2011 hafa iðkendur ÍR aldrei verðið fleiri en á árinu 2017 eða rúmlega 2700. Í fimm íþróttagreinum af tíu voru sett met í fjölda iðkenda auk þess sem fjöldi ÍR iðkenda í leikskólum og meðal eldri borgara hefur ekki verið meiri frá því að skráning hófst. Í samræmi við met í iðkendafjölda stefnir í að æfingagjöld sem iðkendur greiða verði líka hærri en nokkru sinni fyrr.

Æfingaflokkar og þjálfarar

Samtals voru 125 æfingaflokkar starfandi á árinu í 10 íþróttagreinum með 160 þjálfara að störfum á vor-, sumar- og haustönn 2017. Æfingar fóru fram í sjö íþróttahúsum og á fjórum vallarsvæðum.

Afreksfólk ÍR í fremstu röð

Afreksmenn ÍR héldu merki félagsins hátt á lofti á afmælisárinu með Anítu Hinriksdóttur frjálsíþróttakonu fremsta í flokki. Frjálsíþróttalið ÍR varð Íslands- og Bikarmeistari félagsliða bæði utanhúss og innan. Afreksmenn í keilu unnu marga af stærstu titlunum í sinni íþrótt. Körfuboltalið ÍR karla komst í átta liða úrslitakeppni vorið 2017 og er í öðru sæti efstu deildar það sem af er leiktíðinni. Handboltalið ÍR karla vann sig upp í efstu deild í vor og er sem stendur í 8. sæti þar. Karlalið ÍR í knattspyrnu hélt sæti sínu í 1. deild í knattspyrnu og kvennaliðin í knattspyrnu, handbolta og körfubolta leika öll í 1. deild. Þá var afreksfólk ÍR á skíðum, karate, júdó og taekwondo valið í unglingalandslið og landslið á árinu og sama á við um frjálsar, keilu, knattspyrnu, handknattleik og körfuknattleik. ÍR-ingar fagna frábærum árangri á árinu á verðlaunahátíð sem haldin verður 27. desember. Þá verður íþróttafólk ársins í öllum deildum heiðrað og íþróttakona og íþróttakarl ársins hjá ÍR valin úr þeim hópi.

Nýr samningur ÍR við Jako

Nýtt útlit keppnisbúninga árið 2018 og Jólatilboð á ÍR-göllum og æfingafatnaði

Eftir vandaða yfirferð búninganefndar ÍR á tilboðum frá sjö íþróttavörufyrirtækjum samþykkti aðalstjórn ÍR á fundi sínum þann 15. nóvember sl. að ganga til samninga við Jako um keppnis- og æfingafatnað fyrir ÍR til næstu fjögurra ára.

Hönnun er hafin á nýju útliti á keppnisbúninga ÍR sem verða notaðir næstu árin. Ný keppnistreyja ÍR fyrir knattspyrnu og handknattleik verður kynnt í mars 2018. Nýtt útlit keppnisbúninga fyrir frjálsíþróttir verður kynnt í apríl og fyrir körfubolta í ágúst 2018. Miðað er við að iðkendur allra deilda klæðist samskonar utanyfirgöllum, félagsbúningi sem er þegar kominn í sölu hjá Jako. Sérstakt jólatilboð Jako verður auglýst á næstu dögum á ÍR-íþróttagöllum og æfingafatnaði.

GETRAUNANÚMER
ÍR
ER 109
1X2

Fréttir
Íþróttafélag Reykjavíkur
Skógarseli 12 • Sími 587 7080
Tölvupóstur: ir@ir.is
Heimasíða: ir.is

Skokkhópur sem er kominn á fullorðins aldur

ÍR Skokkarar á fallegu kvöldi í Breiðholti.

Skokkhópur sem kallast ÍR skokk er starfræktur á vegum frjálsíþróttadeildar ÍR. Hópurinn var stofnaður árið 1994 og með árunum hefur hann vaxið og dafnað og er nú kominn á fullorðinsár. Hópurinn er með fasta æfingatíma fjórum sinnum í viku og þjálfararnir eru tveir, Jón Sævar Þórðarson og Örnólfur Oddsson.

ÍR skokkarar eru á öllum aldri og á mismunandi getustigi og eru allir velkomnir sem áhuga hafa á að hlaupa í skemmtilegum hóp. Staðsetning ÍR heimilisins er mjög góð því þaðan liggja ótalmargar skemmtilegar og fjölbreytilegar hlaupaleiðir til marga átta, s.s. í Elliðaárdalinn, um allt Breiðholtið, í Kópavogsdalinn og Fossvogsdalinn svo eitthvað sé nefnt. Áherslur æfinga eru mismunandi eftir dögum og geta ÍR skokkarar stjórnað hvað þeir hlaupa langt þar sem hver æfing er sett upp með breidd hópsins í huga. Dæmigerð æfing samanstendur af upphitun, hlaupi á fyrirfram ákveðinn stað þar sem tekin er áfangaþjálfun eða tempóhlaup og svo rólegt hlaup til baka. Teygjur á eftir.

Hlaupa um Breiðholtið á aðventu

Innan ÍR skokk starfar stjórn sem sér um að skipuleggja hina ýmsu viðburði sem hópurinn tekur sér fyrir hendur. Má þar t.d. nefna fræðslu um hlaup, fjallahlaup utan hefðbundinna æfinga, Uppskeruhátíð (árshátíð) og samveru að loknu Reykjavíkurmaraþoni. Einnig hefur skapast sú hefð innan hópsins að hlaupa um Breiðholtið á aðventu og skoða jólaskreytingar innan hverfisins, svokallað Jólaljósahlaup. Að loknu hlaupi er svo safnast saman í ÍR heimilinu og allir ylja sér á heitu jólaglöggi.

Ekki er starfræktur byrjendahópur innan ÍR skokks eins og er, en í byrjun árs 2018 er ráðgert að koma slíkum hóp af stað og verður það auglýst rækilega í Breiðholtinu. Kynningarfundur verður í ÍR heimilinu þriðjudaginn 16. janúar 2018 kl. 20:00.

Æfingadagar ÍR skokks eru:
Mánudagar kl. 17:30, ÍR heimili, (6-12 km)
Miðvikudagar kl. 17:30, ÍR heimili, upphitun og styrktaræfingar í ÍR heimili
Fimmtudagar kl. 18:15, Laugardalshöll. Upphitun úti og síðan æfingar í Laugardalshöll. Laugardagar kl. 09:00, Breiðholts sundlaug, Austurbergi. Langt og rólegt hlaup (10+ km)

F.h. stjórnar ÍR skokk
Unnur Árnadóttir

Heimasíða
www.ir.is

SKAUTAHÖLLIN REYKJAVÍK
Sími: 588 9705
www.skautaholl.is

Opnunartímar:
Mánud. Þriðjud. og miðvikud.
13:00-14:30
Fimmtudaga
13:00-14:30 og 17:00-19:30
Föstudaga
13:00-14:30
Laugardaga og sunnudaga
13:00-17:00
Skólar og sérhópar:
Mánudag til föstudags 10:00 til 15:00.

GÓÐ VERÐ Í DESEMBER

Iceland

PEPSI PEPSI MAX APPELSÍN 500ml Dós x 24
1599 KR/KASSINN
VERÐ ÁÐUR 2276 KR/KASSINN
133 KR/L

SÓL APPELSÍNUSAFI 800 ML
299 KR/STK
VERÐ ÁÐUR 429 KR/STK
374 KR/L

POP SECRET 272 G
249 KR/PK
VERÐ ÁÐUR 429 KR/PK
915 KR/KG

MENTOS SAY HELLO 40 G
69 KR/PK
VERÐ ÁÐUR 149 KR/PK
1725 KR/KG

LAVAZZA KAFFI 340 G 4 TEG
599 KR/PK
VERÐ ÁÐUR 799 KR/PK
1762 KR/KG

NAMMI PIZZA 435 G
399 KR/PK
VERÐ ÁÐUR 499 KR/PK
917 KR/KG

GRANDIOSA PIZZUR 5 TEG
499 KR/STK
VERÐ ÁÐUR 799 KR/STK
868–1040 KR/KG

WEETOS HEILHVEITI-HRINGIR 350 G
349 KR/PK
VERÐ ÁÐUR 499 KR/PK
997 KR/KG

GRANDIOSA GLUTENFRÍ 590 G
699 KR/STK
VERÐ ÁÐUR 999 KR/STK
1185 KR/KG

FANTA 500ML 2 TEG
129 KR/STK
VERÐ ÁÐUR 199 KR/STK
258 KR/L

HÁMARK SÚKKULAÐI 3 PK
429 KR/PK
VERÐ ÁÐUR 549 KR/PK
572 KR/L

PEZ KARL MEÐ ÁFYLLINGU
169 KR/PK
VERÐ ÁÐUR 249 KR/PK

SÚRIR OG SÆTIR BIRNIR 32 G
79 KR/STK
VERÐ ÁÐUR 119 KR/STK
2469 KR/KG

PEZ ÁFYLLING 8 STK
129 KR/PK
VERÐ ÁÐUR 249 KR/PK
16 KR/STK

STJÖRNU-SNAKK 4 TEG 150-170 G
299 KR/STK
VERÐ ÁÐUR 399 KR/STK
1759-1993 KR/KG

VERSLAÐU Í DAG. BORGAÐU Í FEBRÚAR.
Netgíró

OPIÐ 24 TÍMA